

Í.S.Í.

Í.B.Í.

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ



25 ára

1919

27. maí

1944

ALÞÝÐUHÚS ÍSFIRÐINGA

Kvikmynda- og samkomuhús

Úrvalskvikmyndir og fyrsta flokks sýningarvélar.

Sýningar að jafnaði á hverju kvöldi.

Sími 202 — P. O. Box 134

Ísfirðingar!

Ferðist með
ESJU,

þá mun yður
líða vel
á ferðalaginu.

Skipaútgerð ríkisins

Sjúkrasamlag Ísafjarðar

Skrifstofa: Kaupfélagshúsinu

Sími 127

Afgreiðslutími:

10—12 f. h., 1—3 og 4—6 e. h.

Frá 15. maí til 15. sept. kl. 10—12 f. h.
á laugardögum.



AFMÆLISBLAÐ HARÐAR

ÁVARPSORÐ

Þegar vér lítum yfir störf Knattspyrnufélagsins Harðar umliðin 25 ár, ber margt fyrir augu. Þar skiptast á skin og skúrir — sigrar og ósigrar. — Á erfiðleikaárunum, þegar dimmt og dauft var yfir störfum félagsins, gaf forsjónin ávallt óskabyr í seglin.

Stofnendur og aðrir brautryðjendur félagsins líta nú yfir ífarinn veg og spyrja: „Hvað er þá orðið okkar starf?“ Og hvað sjáum vér? Vér sjáum sigra og ósgra á leikvelli, einbeitt starf í þágu líkamsræktar og líkamsmenntar, félagslega þroskuð ungmenni, dugandi æsku í drengilegum leik. Einnig sjáum vér áhugalitla félagsmenn fyrir íþróttum, félagsþroska og heiðri félagsins. En að öllu samanlögðu sjáum vér, að félaginu hefur vaxið ásmegin nú seinustu árin, og allar líkur benda til þess, að hróður þess vaxi.

Einlægasta ósk stjórnarinnar er sú, að félagarnir vinni vel og dyggilega, að öllum málefnum félagsins, sjálfum sér til blessunar og félaginu til aukins þroska. Harðverjar! Höldum þessvegna áfram að ryðja brautina — sækjum á brattann. — Setjum oss það mark að gera félag vort að sterkasta vígi heilbrigðrar íþróttæsku.

Ísafirði í maí 1944.

Karl Bjarnason,
formaður.

Guðríður Matthíasdóttir,
ritari.

Sveinbjörn Kristjánsson,
fjármálaritari.

Þórður Kristjánsson,
meðstjórnandi.

Pétur Þórarinsson,
varaformaður.

Herbert Sigurjónsson,
gjaldkeri.

Sigríður Hagalín,
meðstjórnandi.

Svarp

Nú á þessum merku tímamótum í sögu Knattspyrnufélagsins Harðar, er það heldur hátiðlegt aldarfjórðungs-afmæli sitt, er mér það gleðiefni að fá tækifæri til að flytja félaginu beztu kveðjur og þakkir Íþróttasambands Íslands fyrir frábært íþróttastarf á Vestfjörðum. Um leið óska ég því allra heilla í framtíðinni. Félagið er stofnað, eins og kunnugt er, á fyrsta friðarári fyrri heimsstyrjaldar, eða þann 27. maí 1919, — og er það táknrænt fyrir hið friðsamlega íþróttastarf, sem félagið hefir leyst af hendi þar vestra, og sem er svo mikilsvert fyrir bæjarfélagið og þjóðina, að vel sé rækt. En það er eitt af hinum mikilsverðu verkefnum íþróttafélaganna. —

Knattspyrnufélagið Hörður gekk í I. S. I. þann 15. júní 1921, og hefir alla tíð síðan verið eitt af duglegustu og athafnasömustu íþróttafélögum á Vestfjörðum. Nú eru félagsmenn 243 að tölu, og sýnir það oss ljóslega, hve mikil ítök félagið hefir í bæjarfélagi sínu.

Harðverjar hafa lagt mesta stund á knattspyrnu, þessa karlmannlegu og skemmtilegu flokkaiþrótt; en hin síðari árin hafa þeir og iðkað handknattleik, fimleika og frjálsar íþróttir, sem heilla svo hugi æskunnar, vegna fjölbreytni þeirra og fegurðar. En það tekur sinn tíma að verða snjall íþróttamaður; það þarf bæði þolinmæði og þrautseigju til að vinna afreksverk. Þessvegna veltur það á svo miklu, að menn gefist ekki upp eða leggi árar í bát, heldur haldi ótrauðir áfram að varða veginn. Og vissulega munum vér uppskera það, sem sáð hefir verið. Vér, sem trúum á menningargildi íþróttanna, og sem vitum, að þær skapa dáðrika drengskaparmenn, viljum, að enginn þurfi að fara á mis við þroskagildi þeirra og heilnæmi. Vér viljum, að allir geti átt þess kost að læra og iðka þá íþróttagrein, sem hver og einn helst kýs að iðka, og á þann hátt, sem best þroskar hina góðu eiginleika og mannkosti. En ekkert hjálpar æskumanninum betur til þess, en rétt og skynsamlega iðkaðar íþróttir, því að þær eru mannbætandi á allan hátt. Boðberar

íþróttanna og merkisberar eru íþróttafélagin, og þess vegna eiga allir þeir, sem vinna vilja að heill og hamingju Íslands, að styðja starfsemi slíkra félaga hver á sínum stað. En vér eigum líka að muna að þakka félögunum brautryðjendastarfið á merkisdögum þeirra, og það vona ég, að bæjarfélagið og íþróttasamherjar þeirra geri, er knattspyrnufélagið Hörður heldur nú hátiðlegt aldarfjórðungs-afmæli sitt.

Heill Herði og framtíðarstarfi félagsins.



Þórhallur
Leósson

Harðverjar!

Hafið hugfast, að keppendur í leik eiga ávallt tvo góða kosti fyrir höndum: að vinna sigur eða tapa drengilega, en til þess þurfa allir að gera sitt bezta. Hver og einn verður að vera drengilegur, glaður og rólegur, óskiptinn, og ætíð reiðubúinn að duga til hins ýtrasta og leggja fram dug og þrek, sem í honum býr. Skoðið ekki mótstöðumann ykkar sem fjandmann, heldur sem nauðsynlegan leikbróður. Keppið ekki vegna verðlaunanna, látið heldur leikinn heilla ykkur og lokka. Því miður kom hatrið á mótstöðumönnum, oft fram hjá ýmsum keppendum áður á árum, og getur það orðið hættulegt fyrir íþróttarlífið.

Ykkur hefir farnast prýðilega, og eigið þið nú marga góða íþróttamenn, sem síðar meir verða ykkur og bænum ykkar til sóma. Hafið þökk fyrir vel unnin störf í þágu íþróttanna. Feður og mæður drengja þeirra og stúlkna,

Frimann Helgason:

Kynning mín af Harðverjum og ísfirzkum íþróttamönnum.



Þegar Sverrir Guðmundsson fór þess á leit við mig, að ég skrifaði nokkrar línur í afmælisrit Harðar, var ég nokkuð á báðum áttum.

Hann setti mér fyrir, um hvað ég ætti að skrifa, en það var: „Kynni mín af Harðverjum og ísfirzku íþróttafólki“. Útaf fyrir sig er þetta nú ekki svo erfitt, en afmælisgreinar eiga í því flestar sammerkt, að það tekur þær enginn eða fáir alvarlega. Þá er leitað með logandi ljósi að sterkum orðum til að lofa afmælisbarnið. Ef lesandinn er auðtrúa, þá gengur allt vel. En ef nú gagnrýnin yfirtekur hug lesandans, er hann viss með að setja upp hæðnissvip og segja. „Nú, þetta eru bara englar“. Kynni mín af íþróttamönnum á Ísafirði eru á þá lund, að þeir kunni illa skjallinu, og að hinu leytnu vil ég persónulega reyna að fordást að móðga þá með slæmu umtali á þessari hátíðlegu stund. Menn geta af þessu nokkuð séð þann vanda, sem ég þóttist standa í, þegar ég er svo seztur niður, og eintal sálarinnar, um kynni mín af íþróttamönnum þar vestra er hafið, batnar ráð mitt svo, að ekki ætti til móðgana að koma, vegna slæms umtals, svo framarlega sem ég vil bera sannleikanum vitni.

er þið hafið örfað til íþróttaiðkana, munu þakkar ykkur beint og óbeint fyrir þau störf, er þið hafið lagt á ykkur, til þess að vernda heilsu og þrótt þeirra.

Kjörorð ykkar á afmælisdaginn á að vera: „Fyrsta flokks íþróttavöllur á Ísafirði í náninni framtíð“.

Reykjavík, 16. maí 1944.

Með kveðju.

Þórh. Leós.

Fyrstu kynni mín af íþróttum á Ísafirði eru að verða 16 ára gömul. Horfði ég þá á íþróttamót þar 17. júní, þar sem keppt var í langstökki, spjótkesti, 100 m. hlaupi o. fl., og um kvöldið horfði ég svo á knattspyrnuleik milli Harðar og Vestra, og minnir mig, að Hörður hafi unnið.

Ég man nú ekki mikið eftir þessum leik, enda litið inni í knattspyrnu á þeim árum. (Þá var ég sjómaður, dáðadrengur!) Þá datt mér ekki í hug, að ég ætti eftir að hafa þau kynni af íþróttafólki á Ísafirði, sem raun hefur á orðið.

Svo liða mörg ár. Flokkar frá Ísafirði fara að koma til Reykjavíkur og flokkar að fara vestur. Minnisstaðastur verður mér drengjaflokkurinn, sem hann Halldór Sigurgeirsson kom með til Reykjavíkur. Er það ef til vill sterkasti flokkur á þessum aldri, sem ég hefi séð. Hefði þessi flokkur getað haldið saman og hlýtt fyrirskipunum Dóra, væri ísfirzknattspyrna komin á mikið hærra stig, en hún nú er. En í fyrsta lagi tvístraðist þessi ágæti hópur, og í öðru lagi eru vaxtarmöguleikar litlir á þeim velli, sem á staðnum er. En flokkurinn hans Dóra sýnir, að í Ísfirðingum er góður efniviður.

Það þóttu mikil undur, er Ísfirðingar unnu 1. flokks bikarinn 1939, og mun það vera fyrsti flokkurinn, sem farið hefir með knattspyrnugrip burt úr Reykjavík. Er þetta góð frammistaða, sem sýnir, að hafi þessir menn aðstöðu og samheldni, þá geta þeir náð næsta langt.

Ég hef kynnt ísfirzkum íþróttamönnum á ferðum þeirra hér og getið vel að framkomu þeirra. Það vill oft brenna við, þegar flokkar gista okunna bæi, að þeir láta, eins og þeir „eigi bæinn“, eða vilji a. m. k. einir setja „svip á bæinn“. Þessi svipur er þó ekki



K.



Stjórn félagsins 1944.

Aftari röð frá vinstri: Þórður Kristjánsson, meðstjórnandi, Herbert Sigurjónsson, gjaldkeri, Pétur Þórarínsson, varaformaður, Sveinbjörn Kristjánsson, fjármálaritari. Fremri röð: Sigríður G. Hagalín, meðstjórnandi, Karl Bjarnason, formaður, Guðríður Matthíasdóttir, ritari.

alltaf sem skemmtilegastur, hvorki fyrir þá persónulega, eða félög þeirra. Þetta hef ég talið vissa ómenningu, sem því miður er nokkuð algeng. Að þessu leyti virðast mér Ísfirðingar heldur hlédrægir og lítið fyrir það að láta bera á sér, og tel ég það einn af kostum góðra drengja og kvenna.

Þá hef ég haft tækifæri til að kynna þeim sem nemendum, bæði körlum og konum, og hafa Ísfirðingar yfirleitt reynt mér áhugasamir, námfúsir og hlýðnir.

Mér virðast þeir taka íþrótt sína að ýmsu leyti rétt, að minnsta kosti það, sem ég hef séð til. Þeir taka leikinn sem leik. en ekki baráttu upp á líf og dauða. Þar sem gengið er berserks-gang um völlu. bitið í skjaldarrendur og jörð vadin að knjám. ef móti blæs. Þeir virðast hafa fest það í huga. að í raun og veru eru allir jafnir, þegar leikurinn er á enda, þó annar sigri. aðeins ef báðir hafa náð góðum leik.

Viða ber á því, þar sem tvö eða fleiri félög eru saman, að samstarfi þeirra á milli er mjög ábótavant. Þetta hef ég einnig rekið mig á á Ísafirði Frá sjónarmiði íþróttanna er þetta slæmt, og það gefur einnig nokkra mynd af því, hvernig íþróttamenn staðarins eru hugsandi. Íþróttastarfsemi er í raun og veru óhugsandi, nema með samstarfi. Ber þar margt til. En aðalatriði þessa sannleika koma menn sjaldnast auga á, en það er þetta: Hvað sem félagið heitir, hvaða íþróttgrein sem það stundar, hvar sem það er, þá vinna öll íþróttafélög að sínu ákveðna sameiginlega marki. því. að mannbæta íslensku þjóðina. Fyrir þessu loka menn oftast augunum. Þeir einblína ofstækisfullir á sigurvinninginn og fyllast ofmetnaði yfir sigrinum. Hinn sigraði fyllist ófund. en hvorugt er líklegt til náins samstarfs. Í bæ einn og Ísafirði, er nærri óhugsandi, að eitt félag geti lifað góðu lífi. Til þess vantar það holla samkeppni.

191



Kæru
 Ég ge
 minar l
 legu tí
 Þega
 félagið
 mæli 2
 að ley
 minni
 þær r
 ar, se
 ísfirz
 í Rey
 Ég
 mön
 Þega
 viku
 sam
 min
 H
 höf
 ma
 l
 ser
 ge
 ==
 Þ
 sí
 a
 l
 v
 l



971373



Ragnar Lárusson.

Ávarpsorð

Kæru Harðverjar!

Ég get ekki stillt mig um að senda ykkur mínar beztu árnaðaróskir á þessum merki-
legu tímamótum í sögu félags ykkar.

Þegar mér barst sú frétt, að Knattspyrnu-
félagið „Hörður“ á Ísafirði ætti 25 ára af-
mæli 27. maí, þá gat ég ekki látið hjá líða
að leyfa huga mínum að reika um lönd
minninganna og þá um stund að dvelja við
þær mörgu sögru og ógleymanlegu minning-
ar, sem ég á frá samverustundunum með
Ísfirzkum knattspyrnumönnum á Ísafirði og
í Reykjavík.

Ég hefi kynnt Ísfirzkum knattspyrnu-
mönnum, bæði sem gestum og gestgjöfum. —
Þegar þeir hafa heimsótt okkur til Reykja-
víkur, hafa þeir verið litillátir og nægju-
samir með allan aðbúnað og viljað, að sem
minnst væri fyrir þeim haft.

Heim að sækja eru þeir altur hinir mestu
höfðingjar og láta ekkert til sparað, að gera
manni dvölina sem ánægjulegasta.

Þessar og þvilikar eru minningar þær,
sem ég hefi að sækja í hugans heima, og
geymt hafa í landi minninganna frá liðnum

Það er líf beggja félaganna að hvort fyrir
sig lífi góðu lífi. Það er því ósk mín til Harð-
ar og annara íþróttafélaga á Ísafirði, að þeim
lærst að slaka til hvert fyrir öðru í fullri
vinsemi og gagnkvæmu trausti og dreng-
lyndi og með því leggja öruggan grundvöll
að samstarfinu. — Með samstarfi og sambúg
má flytja fjöll, en þau standa svo víða í veg-
inum og hindra eðlilega framþróun.

Ég óska svo Herði félagslegs velfarnaðar og
til hamingju með afmælið. Og öllu Ísfirzku
íþróttafólki óska ég alls hins besta.

Frimann Helgason.

samverustundum með Ísfirzkum knattspyrnu-
og íþróttamönnum og öðrum velunnurum
þeirra á Ísafirði.

En mér er óhætt að fullyrða, að það eru
fleiri en ég, sem hafa þessa sömu sögu að
segja, því slíkar eru minningar allra þeirra
19 pílta, sem með mér tóku þátt í Ísafjarð-
arför knattspyrnufélagsins Fram sumarið
1941. Þeir þrá af heilum hug, að slíkra sam-
verustunda verði ekki langt að bíða, þar
sem þeir á ný gætu notið góðra samvista við
Ísfirzka knattspyrnumenn á leikvelli, í ferða-
lögum og gleðisölum.

Ég á enga ósk heitari til handa Ísfirzkum
íþróttamönnum en þá, að íþróttastarfsemin
hjá þeim aukist og eflist svo, að þeir geti
sent fjölmenna og þróttmikla íþróttaflokka
til höfuðstaðarins á hverju ári til þátttöku í
knattspyrnu og frjálsum íþróttum.

Í þessum ávarpsorðum mínum sérstök nöfn,
íð hjá líða að nefna nokkur sérstök nöfn,
því mér fannst öllum Ísfirzkum íþróttamönn-
um vera það sameiginlegt áhugamál, að gera
okkur samverustundirnar sem ánægjuleg-
astar.

Að síðustu vil ég óska þess, að heill, gæfa
og gengi megi dafna í öllum störfum Knatt-
spyrnufélagsins Harðar á komandi starfs-
árum.

Ragnar Lárusson.

A síl ári voru skipaðir af stjórn félagsins til að
sjá um útgáfu þessa blaðs, þeir Sverrir Guðmunds-
son, Ágúst Leóss, Helgi Guðmundsson, Jón Alberts
og Karl Bjarnason.

Þó að ekki sé um stærra blað að ræða en þetta,
er það nokkuð mikið verk að gera það sem bezt úr
gærði, ekki sízt fyrir okkur, sem allir erum óvanir
blaðamennsku. Við áttum því láni að fagna að lá
aðstoð margra góðra manna, bæði til að skrifa í
það og benda okkur á, hvað betur mætti fara. Er-
um við sérstaklega þakklátir hr. Hannibal Valdi-
marssyni, skólastjóra, sem hefir lagt allmikla vinnu
í að gera blaðið sem bezt úr gærði. Hann fór yfir
efni þess og las allar prófarkir. Kennfermur þökk-
um við Frimanni Helgassyni, Reykjavík, fyrir þann
dagnað að útvega okkur myndamótin með litlum
fyrirvara. Við vonum, að íþróttamenn taki blaðinu
vel, og að lesendur þess verði eftir lestur þess
nökkurs visari um íþróttahreyfinguna hér vestra og
starf Harðar á liðnum árum.

Ritnefndin.

Íþróttahandlag Ísfirðinga

Var stofnað hér í bænum 23. apríl síl. Sær fé-
lagsverðis yfir Ísafjarðarkaupstað, Eyrarhreppi og
Hölsahreppi og Suðureyri. — Formaður handlagans
er Sverrir Guðmundsson.



971373

að
llirkk-
en
ótt
ck-
ið-
á.
rel
st,
r.
d-
s,
ri
s,
l,
n
y

Erlendur Pétursson:

ÁVARP.

Kæru samherjar á Ísafirði!
Æðsta takmark hvers íþróttafélags og mesti sigur, er að glæða um fram allt áhuga æskulýðsins fyrir hinu mikla menningarmáli, íþróttunum. Og hversu marga bikara og heiðursverðlaun, sem félagið fær, verður það þó ávallt mesta gleði þess, að sjá áhuga hvers félaga vakna, til þess að verða að sönnnum íþróttamanni, því að á þann hátt verður hann ekki aðeins fyrirmyndarfélagi, heldur og einnig sannur og góður borgari þjóðar sinnar.

Hinn sanni íþróttamaður veit bezt, hve lífið er unaðslegt, þegar því er lifað á réttan hátt. Íþróttirnar eru eitt af beztu uppeldis-meðulum þjóðarinnar. Þær eiga fyrst og fremst að miða að því, að ná til fjöldans og verða hans eign. Þegar því marki er náð, hafa íþróttafélögin unnið þjóð sinni það gagn, sem aldrei verður metið til fjár. Og sem betur fer nálgast það mark óðum, með dugmiklu starfi íþróttafélaganna.

Bak við hvern sigur á orustuvelli íþróttanna liggur mikil þjálfun og sönn íþróttamennska. En keppnin er nauðsynlegur liður til að ná hinu æðsta marki.

Mér er ljúft, bæði persónulega og sem formanni elzta knattspyrnufélags landsins, að árna yður allra heilla á aldarfjórðungsafmælinu og þakka yður hið þróttmikla og dáðdrika starf á liðnum árum í þágu knattspyrnuíþróttarinnar. Um leið þakka ég fyrir hönd K. R. ágæta og vinsamlega samvinnu á undanförunum árum og vona, að í framtíðinni megi hún aukast, báðum félögunum til ánægju og gagns.

Ísfirðingar! Setjið ykkur það mark, að verða skæðustu keppinautar Reykjavíkurfélaganna í framtíðinni.

Munið: Áhuginn skapar stöðuga og dýrmæta þjálfun, og hún skapar sigurinn.

Hörður lífi!

Með vinsemi og íþróttakveðju.

Erlendur Pétursson,
form. K. R.



Þráinn
Sigurðsson.



ÁVARP

Nú á aldarfjórðungsafmæli ykkar gleður það mig að fá hér tækifæri til að þakka þær móttökur, er Fram fékk, er við heim sóttum ykkur 1938 og 1941. Ég, sem var forarstjóri II. flokks 1938, var sannfærður um, að þessir drengir myndu óska þess að komast til Ísafjarðar til að heyja þar fleiri leiki við Harðverja og efla þau vináttubönd, sem þá voru tengd við ísfirzka íþróttamenn. Sú ósk rættist hjá sumum þessara drengja við vesturför meistaraflokksins 1941.

Þegar ég horfði á II. flokk Harðar og Fram, varð mér hugsað til þess, hve skammt þess yrði að biða, að Harðverjar eða ísfirzkufélagin sameinuð myndu vinna verðlaunagripni úr höndum okkar Reykvíkinga, því þarna komu fram mörg mjög efnileg knattspyrnumannaefni. Og með ötulli og réttri þjálfun undir stjórn hinna ágætu forystumanna: Sverris Guðmundssonar og Agústar Leós, varð þess ekki langt að biða. Því að árið eftir, eða nánar tiltekið 1939, sigruðu Ísfirðingar á Landsmóti I. flokks og höfðu heim með sér Víkingsbikarinn. Þið unnuð hann með heiðri og sóma. — *Hvenær sækid þið Íslandsbikarinn?* — Það er von mín, nú á þessu aldarfjórðungsafmæli ykkar, að þið strengið þess heit að láta þess nú ekki langt að biða, að þið gerið tilraun til þess.

Við Framarar höldum ekki svo smáfundli með oss, að ekki sé minnst á hinar ánægjulegu og eftirminnilegu ferðir okkar til Ísafjarðar og ævinlega enda þær endurminningar á því, að spurt er: *Hvenær fer Fram næst til Ísafjarðar?* Slikar eru minningar okkar um ykkur. Megi þær vera endurnærð-

G. Andrew:

Hörður 25 ára

1919 — 27. maí — 1944.

Forspjall:

Þegar á að fara að skrásetja sögu einhvers félags á Íslandi — einhvers félags, sem komið er „til vits og ára“ — þá bregzt það naumast, að það fyrsta, sem söguritarinn rekur sig á — og það heldur ónotalega, — er sannleikur hinna fornu spakmæla, um syndir feðranna. Nema hvað orsakir og afleiðingar koma hér enn skarpara fram, en ráð er fyrir gert í hinni upphaflegu mynd þessara spekinnar orða. Því hér eru það ekki aðeins syndir feðranna, sem koma fram á börnunum í þriðja og fjórða lið. Hér koma syndir félaganna — syndir náungans — fram á manni sjálfum, og er það út af fyrir sig lítil huggun, þótt gera megi fastlega ráð fyrir, að eigin syndir komi svo aftur fram á náunganum eða félaginu.

En þær syndir, sem hér er aðallega rætt um, eru þær breiskleikasyndir, að hafa litt eða ekki skráð um líf og baráttu félagsstarfsmennar, og svo hitt, að hafa farið gálauslega með það litla, sem skráð var, svo að það kemur hvergi í leitirnar.

Það skal svo fúslega játað, að þessar syndir — eins og svo margar aðrar — eru svo blessunarlega mannlegar, — og því afsakanlegar — að tæpast er hægt að ergja sig yfir þeim, hvað þá heldur að vera með ásakanir eða ákærur. Og ekki sízt vegna þess, að vitað er, að oftast voru syndir þessar drýgðar af hæversku. Þeirri misskildu hæversku, að líta svo á, að viðkomandi félag yrði aldrei þess megnugt, að hafa þau áhrif á líf manna eða menningu, að nokkru skifti, hvort saga þess væri skráð eða ekki.

Félagið stofnað.

Knattspyrnufélagið Hörður, sem var stofnað í Sundstræti 41 á Ísafirði, þann 27. maí árið 1919, hefir sannarlega ekki farið á mis við þessi umræddu örlög félaganna. Í frumdrögum að sögu félagsins er þess getið við



árið 1930, að „þegar þessi stjórn tók við völdum, fundust engar bækur, hvorki hjá gjaldkera eða ritara“.

Hinsvegar hefir Helga Guðmundssyni bakarameistara, sem um mörg ár var formaður Harðar, og alltaf gegndi því starfi með mestu þryði — tekizt að fá nokkra vitneskju um stofnun Harðar og fyrstu starfsár, því að í ræðu, sem hann flutti á 15 ára afmælisfagnaði félagsins, þann 27. maí 1919, segist honum svo frá:

Árið 1919, 27. maí, var stofnað Knattspyrnufélagið „Hörður“ í Sundstræti 41. Stofnendur voru: Karl, Þorsteinn og Guðbrandur Kristinssynir, Kristján og Jón Albertssynir, Hjörtur og Garðar Ólafssynir, Þórhallur Leósson, Dagbjartur Sigurðsson, Ólafur Ásgeirsson, Helgi Guðmundss. og Axel Gíslason. Undirbúningsfundur var haldinn á Grund og nokkru síðar stofnfundur í Sundstræti 41. Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð: Þórhallur Leósson formaður, Dagbjartur Sigurðsson féhirðir og Helgi Guðmundsson ritari. Áður nefndir stofnendur félagsins höfðu ávallt spilað með K. s. f. Ísafjarðar án þess að vera löglegir félagar — einnig höfðu þessir menn flestir æft knattspyrnu á svonefndu Ríistúni og voru allslyngir knattspyrnumenn í þá daga. Sérstaklega voru taldir efnilegir þeir Kristinsbræður, og svo Kristján og Jón Alberts, og Þórhallur Leós, sem var svo fljótur, að hann hljóp alla af sér. Þó mun Guðbrandur hafa verið talinn fimastur spílari.

Á þessu ári voru engir verðlaunagripir til að keppa um, var því oftast keppt um kaffi eða annað smávegis. Árið 1921 gefur Einar O.



K

Kristjánsson verðlaunagrip, sem keppt var um það ár, og Hörður vann. Næsta ár er keppt um sama grip, og vinnur Hörður hann enn. Næsta ár, 1923 — er enginn kappleikur vegna þess, að Fótboltafélag Ísafjarðar var hætt störfum. Harðverjar misstu því af gripnum, sem þeir annars hefðu unnið til eignar samkv. reglugerðinni um gripinn eins og hún var þá.

Árið 1921 komu Vikingar frá Reykjavík, og kepptu við bæði félögin og úrval úr báðum sameiginlega. Fóru Vikingar auðvitað með glæsilegum sigri héðan. Árið eftir — 1922 — keppa bæði félögin við Fram frá Reykjavík, og tapa öllum leikjum.

Eftir að Fótboltafélag Ísafjarðar hætti störfum, keppti Hörður alloft við sjóliða af „Beskytteren“ og „Fylla“, einnig við landmælingamenn, sem þá voru hér eins og mý á mykju-skán, og fór Hörður alltaf með sigri frá þeim leikjum. Þegar ekki náðist til aðkomumanna til að keppa við, kepptu félagsmenn innbyrðis á héraðsmótum, sem haldin voru þau ár, svo og á 17. júní-hátíðahöldum árlega.

Ekki er þess getið í ræðu Helga, hvað það var, sem olli því, að stofnendur félagsins hættu að starfa með Fótboltafélagi Ísafjarðar, en það eitt fram tekið, að þeir hafi aldrei verið löglegir félagsmenn þar, eins og það kunni að hafa verið tilefnið. Svo mun þó ekki vera. Það var ekki farið strangt út í þá sálma á byrjunarárum knattspyrnunnar á Ísafirði, frekar en annarstaðar, svo að þetta eitt gat alls ekki knúið fram stofnun hins nýja félags. Enda mun mega fullyrða, að hér hafi verið að verki hin sömu öfl og þau, er valdið hafa, og enn valda, flestum umbótum og nýjungum í heiminum. Það er óánægja með, og gagnrýni á, ríkjandi ástandi. Og að sú óánægja hafi verið all mögnuð, má marka af því, hversu margir ágætir knattspyrnumen gerast stofnendur hins nýja félags. Því það má fullyrða, án þess að rýra nokkuð hlut annara, að margir þessara manna voru taldir með beztu knattspyrnumönnum Ísafjarðar á sínum tíma.

Það má telja víst, að Fótboltafélag Ísafjarðar hafi aldrei beðið bætur þessarar miklu blóðtöku. Að sönnu keppir það nokkrum sinnum við Hörð hin næstu árin, en árið 1923 gefur það upp andann fyrir fullt og allt. Og það er ekki fyr en 1926, að nýr keppinatur kemur fram á völlinn, Knattspyrnufélagið Vestri.

Arin liða.

Og nú liða árin, hvert af öðru og hvert öðru lík, í sögu félagsins. Svo að segja árlega er háð keppni við aðalkeppinautinn, Vestra, en þess á milli við erlenda sjóliða og knattspyrnufélög, sem koma í heimsóknir til bæjarins.

Skift í aldursflokka.

Allt til ársins 1931 var aðeins um einn aldursflokk að ræða, eins og yfirleitt hjá öllum knattspyrnufélögum úti á landi. En það ár er stofnaður annar aldursflokkur með 15 til 20 drengjum, „og æfðu þeir um vorið og sumarid“. Og síðast í ágúst fékk flokkur þessi eld-vígslu sína í kappleik við 2. aldursflokk Vestra, og vann þar hinn glæsilegasta sigur (7:1). Raunar er ekki grunlaust um, að árið 1922 hafi 2. aldursflokkur verið starfandi, og unnið þá sigur á samsvarandi flokki Fót-boltafélags Ísafjarðar, en um afdrif þess flokks „hermir ekki saga“.

„Hinn sigursæli“.

Sama ár og hinn síðari 2. aldursflokkur var stofnaður „komu 26 smádrengir til Ágúst Leós og báðu hann að sjá um, að stofnaður yrði 3. aldursflokkur í félaginu, og var það gert. Halldór Sigurgeirsson tók að sér yfirumsjón með flokknum og æfði hann og hefir gert það síðan og tekizt prýðilega“, segir í annálum félagsins, og er sízt ofmælt, því að flokkur þessi átti eftir að verða hinum ágæta og ötula þjálfara sínum til hins mesta sóma. Og ekki bara þjálfara sínum, heldur einnig félaginu, bænum og raunar öllum Vestfjörðum. Munu engin dæmi á Íslandi um jafn sigursælan flokk, því að frá stofnun, og þangað til hann var orðinn að 2. aldursflokki, — árið 1938, — vann hann 11 af 13 kappleikjum, sem hann tók þátt í, með 44 mörkum gegn 11. Og ekki eingöngu heima á Ísafirði, heldur einnig í Reykjavík, sjálfu hjarta hinnar íslensku knattspyrnu, en þar keppti flokkurinn árið 1936 — og vann þá bæði K. R. og Val. Og eftir að hann var orðinn 2. aldursflokkur fylgdi honum enn hin mesta sigursæld. Þannig vann hann árið 1938 5 kappleiki af 9 með 14 mörkum gegn 11, bæði heima og á Akureyri, við ekki slakari keppinauta en „Fram“ í Reykjavík, „Þór“ og „K. A.“ á Akureyri, og úrval úr þeim félögum.



+354 4971373

vert öðru
árlega er
Vestra, en
og knatt-
r til bæj-

einn ald-
já öllum
það ár er
15 til 20
og sumar-
þessi eld-
dursflokk-
sta sigur
, að árið
fandi, og
ekki Fót-
hrif. Þess

sflokkur
il Ágústs
stofnaður
var það
sér yfir-
og hefir
, segir í
t, því að
m ágæta
ta sóma.
r einnig
estfjörð-
jafn sig-
þangað
, — árið
um, sem
n 11. Og
r einnig
íslenzku
inn árið
Val. Og
sflokkur
d. Þann-
f 9 með
á Akur-
„Fram“
eyri, og



Fyrsta kapplið félagsins 1921.

Talið frá vinstri: Einar O. Kristjánsson, dómari, Hjörtur Ólafsson, Matthías Sigurðsson, Karl Kristinsson, Helgi Guðmundsson, Þórhallur Leós, Jón Alberts, Guðbrandur Kristinsson, Þorsteinn Kristinsson, Dagbjartur Sigurðsson og Garðar Ólafsson. Sitjandi: Ólafur Káráson, markvörður.

Allar þessar tölur tala sínu máli, og þó er saga þessa merkilega flokks ekki nema hálf-sögð enn. Hvar sem hann kom, vakti hann á sér hina mestu athygli, ekki eingöngu með dugnaði sínum og leikni, heldur ef til vill enn frekar fyrir sakir kurteisi sinnar, hátt-prýði og drengskapar í hvívetna. Og þótt hér þyki djúpt í árina tekið, þá mun mega full-yrða hiklaust, að flokkurinn sé lofsins mak-
legur, — og mættu fleiri á eftir fara.

En í þessu sambandi er skylt að geta þess, að uppistaða flokksins voru skátar úr skátáfélaginu Einherjar.

Þórir fótbrotnar.

Það var á þessu sama gæfuári Harðar — 1931 — að Þórir Bjarnason varð fyrir þeirri ógæfu að fótbrotna í kappleik á Ísafirði. Voru honum um haustið afhentar 300 krónur úr félagssjóði, og var það mikil upphæð í þá daga.

Knattspyrnukenari.

Árið eftir var í fyrsta sinn ráðinn knattspyrnukenari til Ísafjarðar. Það var Axel Andrésson, hinn vinsæli íþróttakennari Í. S. Í. Síðan hafa aðkomukennarar alloft veitt forstöðu námskeiðum á Ísafirði á sumrin.

Handknattleiksdeild.

Árið 1933 tók félagið handknattleik kvenna á stefnuskrá sína. Var þá um sumarið stofnaður flokkur með 19 stúlkum, og hefir þessi íþrótt síðan verið æfð allmikið á vegum Harðar.

Hefir handknattleiksflokkurinn alls tekið þátt í 6 kappleikjum til ársloka 1942. Unnið 2 en tapað 4 með 10:11 mörkum. Hefir hann alltaf átt mjög skæðan keppinaut, þar sem er flokkur kvenskáta á Ísafirði.

Slyasjóður.

Þegar Hörður var 15 ára, var stofnaður

innan félagsins, en var síðan breytt í vara-sjóð. Þegar Sjúkrasamlag Ísafjarðar var stofnað. Er sjóðurinn nú að upphæð krónur 3 800.00.

Völlurinn endurbættur.

Sumarið 1935 var talsvert unnið að endurbótum á knattspyrnuvellið á Ísafirði, og lágu Harðverjar þá sízt á liði sínu. Unnu margir þeirra kvöld eftir kvöld í sjálfboðavinnu að viðgerð þessari, enda batnaði völlumurinn mjög við lagfæringu þá, er hann fékk þetta sumar. En auk knattspyrnufélaganna lagði bæjarsjóður allmikla vinnu fram og fé.

Knattspyrna innanhúss.

Skemmtifundir.

Veturinn eftir, 1935—6, var hið mesta líf í allri félagsstarfseminni, eins og raunar oft, bæði fyrr og síðar. Þá var tekin upp sú nýlunda, að æfa knattspyrnu innanhúss, þótt seinna yrði að hætta þessu vegna húsnæðiseklu. Voru þeir Ágúst Leós og Halldór Sigurgeirsson leiðbeinendur eins og jafnan síðan. Þá var farið að halda skemmtifundi í félaginu, og urðu þeir þegar mjög vinsælir, og loks var þennan vetur haldin hlutavelta til ágóða fyrir Hörð — í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Frjálsar íþróttir.

Næsta sumar gekkst svo félagið fyrir námskeiði í frjálsum íþróttum, en þær höfðu þá legið niðri vestanlands um langt árabíll. Þjálfari var Tryggvi Þorsteinsson, íþróttakennari, og var þátttaka allmikil frá báðum knattspyrnufélagunum, sérstaklega meðal hinna yngri félaga. Má segja, að námskeið þetta hafi valdið talsverðum straumhvörfum í íþróttalífínu á Ísafirði. — Námskeiði þessu lauk með snarpri keppni.

Skemmtiferð.

Þetta sama sumar brugðu 23 Harðverjar sér til Önundarfjarðar og aðstoðuðu við úti-skemmtun, sem Ungmennafélagið Bifröst gekkst fyrir í Bjarnardal. Var þetta aðallega skemmtiferð, en þarna sýndu svo Harðverjar listir sínar í útiíþróttum, og var gerður hinn bezti rómur að, en Harðverjar skemmtu sér ágætlega.

Akureyrarför.

Næsta sumar, 1938, var svo enn haldið námskeið í frjálsum íþróttum, og var sami kennari og árið áður. Þetta sumar fór hinn sigursæli 3. flokkur — sem nú var orðinn 2. flokkur — til Akureyrar í boði íþróttafélagsins „Þór“. Voru þar háðir 4 kappleikir. Gerði Hörður þar níu mörk gegn 7. Og samsumars fóru Harðverjar skemmtiferð til Þingeyrar og sýndu þar frjálsar íþróttir og knattspyrnu. Loks var í september þ. á. mót í frjálsum íþróttum á Ísafirði, fyrir forgöngu Harðar.

Fram sigraður.

En mesti íþróttaviðburður þessa árs var, þá er 2. fl. úr knattspyrnufél. Fram í Reykjavík, kom hingað um sumarið í boði Harðar. Var lið þetta talið eitt sterkasta lið í 2. aldersflokki í Reykjavík. Voru háðir 2 kappleikir milli félaganna, og urðu úrslit þau, að Hörður sigraði með 5:4 mörkum. Var hér vitanlega enn að verki „sá sigursæli“. Ísfirðingar fylgdu leikjum þessum með óvenjulegum áhuga.

Skíðaíþróttin.

Á þessu og undanförunum árum hafði oft verið rætt í félaginu um byggingu skíðaskála, en af ýmsum ástæðum ekki orðið úr framkvæmdum, en Harðverjar iðka nú allmikið skíðaíþrótt að vetrarlagi.

Heimsókn Þórs.

Sumarið næsta var Þór á Akureyri boðið heim. Keppti hann bæði við Hörð og Vestra. Þór sigraði Vestra, en lét sigrast af gestgjafanum, Herði. Með í förinni voru allmargar stúlkur, og kepptu þær í handknattleik við flokk úr Herði og sigruðu. Enn sem fyrr var haldið námskeið í frjálsum íþróttum, og var kennari hinn sami og áður.

20 ára Ferðasjóður.

Þá var 20 ára afmælis félagsins minnst, og stofnendur félagsins þar kjörnir heiðursfélagar, en þeir þökkðu fyrir með því að hleypa af stökkunum Ferðasjóði félagsins, með 260 króna framlagi.

Farið á Íslandsmót.

Enn er þó ótalinn lang merkasti atburður



+354 4971373

ann haldið
var sami
fór hinn
orðinn 2.
óttafélags-
kir. Gerði
amsumars
Þingeyrar
attspyrnu.
frjálsam
Harðar.

árs var,
í Reykja-
i Harðar.
í 2. ald-
2 kapp-
slit þau,
Var hér
Ísfirð-
óvenju-

hafði oft
u skíða-
orðið úr
nú all-

ri boðið
g Vestra.
gestgjaf-
llmargar
leik við
fyrir var
, og var

innst, og
eiðursfé-
því að
élagsins,

thburður

ársins. Fyrir forgöngu Harðar var nú í fyrsta skipti farið á 1. flokks Íslandsmót í Reykjavík. Fór flokkur þessi í nafni Íþróttaráðs Vestfjarða, og skipuðu hann 10 Harðverjar og 4 Vestramenn.

Lið þetta vann hinn glæsilegasta sigur á mótinu og kom heim með bikarinn — verðlaunagripinn. Mun hér áreiðanlega enn gæta áhrifa „hins sigursæla“. Þótt ekki sé látið mikið yfir því í skýrslum félagsins.

Urðu úrslit mótsins sem hér segir:

Ísfirðingar	— Fram	1:1
—	— K. R.	3:1
—	— Víkingur	5:2
—	— Valur	2:1

Unnu Ísfirðingar því mótið með 7 stigum. Blaðadómar voru góðir, og var yfirleitt látið vel af, hvað Ísfirðingar léku vel og komu þrúðmannlega fram, bæði á velli og annarstaðar.

Var þetta í fyrsta sinn, sem flokkur utan af landi sigraði á 1. fl. móti og fór heim með Víkingsbikarinn.

Fararstjóri flokksins var Sverrir Guðmundsson.

Meistarar í heimsókn.

Næsta sumar, 1940, komu svo Reykjavíkumeistararnir — Knattspyrnufél. Víkingur — í heimsókn. Kepptu þeir þrisvar við Hörð og sigruðu alltaf, en þó aldrei með neinum verulegum yfirburðum (1:0 — 2:0 — 3:0 —)

Aðsókn að þessum leikjum var meiri, en áður eru dæmi til á Ísafirði.

Þetta sumar var endanlega gengið frá stofnun Kvennadeildar félagsins, lög samin o. s. frv. En deildin launaði fyrir sig með því að gera jafntefli við hinn ósigraða kvennaflokk skáta — Valkyrjur.

Enn farið á landsmót.

Enn fór lið á landsmót í Reykjavík, og nú frá Herði einum. Landsmótinu var nú hagað með nýjum hætti, en það olli því, að Hörður keppti aðeins tvisvar. Fyrst við Fram, sem var sigraður, og síðan við Val, sem sigraði Hörð, svo að hann var úr leik.

En það var almennt mál, að Hörður hefði verið næst bezta félag mótsins, og enn sem fyrr vakti flokkurinn sérstaka athygli með þrúðmennsku og háltþrýði. — Kennir hér enn „hins sigursæla“.

Fimleikar.

Um veturinn var svo í fyrsta sinn fimleikakennsla á vegum félagsins, og var þátttaka mjög góð — 2 karla og einn kvennaflokkur auk þess sem handknattleikar voru æfðir innanhúss. Áður höfðu Harðverjar stundað fimleika í Íþróttafélagi Ísfirðinga, sem nú hættir störfum.

Deyfð.

1941. Á þessu ári fer að bera á nokkurri



Vestfjarðameistarar 1942 I. flokkur.

deyfð í iðkun knattspyrnu, sem stafar að sjálfsgöngu mest af vexti þeim, sem nú færast í allt atvinnulíf bæjarins. Þó er langt frá því, að nokkur dauðamörk séu á starfsemi félagsins. Fimleikar og skíðaferðir eru iðkaðar að vetri til og frjálsar íþróttir að sumri eins og áður.

Meistarar enn.

Og þetta sumar bjóða bæði félögin — Hörður og Vestri — hingað meistaraflokki úr Fram í Reykjavík, hinum fræknasta og þrúðasta flokki.

Leikur hann tvo leiki við úrval úr félög-
unum, sigrar í öðrum og þó mjög hæversk-
lega (2:0) en gerir jafutefli í hinum. Í
plöggum Harðar stendur þó þetta: „en eitt
er víst, að Fram sýndi mikla yfirburði, og má
því ekki alveg dæma eftir markafjöldanum“,
og enn fremur: „... var sýnilegt, að við er-
um heldur í afturför með knattspyrnuna“.

Samvinna Harðar og Vestra.

Knattspyrnufélögin hafa nú með sér meiri
samvinnu, en áður hefir þekkt. Þannig höfðu
þau sameiginleg hátíðahöld þann 17. júní s. l.
Þar skeði það m. a., að stúlkurnar úr Herði
sigrudu hinn ágæta kvennaflokk skátanna í
fyrsta sinn. Félagsstarfsemi Harðar vex nú
með ári hverju, enda er nú rætt um og fest
húsnæði fyrir félagið, einskonar félagsheimili,
og margt gert til fjáröflunar og annara nytja-
starfa. Þá gera Harðverjar sér nú æ betur
grein fyrir því, að þeir eru í fararbroddi í
íþróttalífi bæjarins, og Vestfjarða allra um
leið.

Um haustið varð sú breyting á fimleika-
kennslunni, að kvenfólk eingöngu æfði á veg-
um félagsins — í 3 flokkum. Hinsvegar sá
Halldór Erlendsson um kennslu karla á eigin
spýtur, gegn sérstöku gjaldi af hverjum
manni.

Frjálsar íþróttir voru enn æfðar nokkuð
sumarið 1942, en kennari var enginn. Heldur
var dauft yfir knattspyrnuæfingum þetta
sumar.

Þann 17. maí höfðu félögin Hörður og
Vestri kappleik til ágóða fyrir Noregssöfnun-
ina, og enn sáu þau um hátíðahöldin 17. júní.
— Var nú svo ákveðið, að allur ágóði skyldi
renna til byggingar búningsklefa á íþróttav-
ellinum. Hátíðahöld þessi voru með hinum
mesta myndarbrag og mikið um að vera:
Íþróttakeppni, handknattleikur, frjálsar í-
þróttir og knattspyrna. Var þetta stigakeppni
milli félaganna. Vann Vestri keppnina, en
búningsklefa áskotnaðist rúmlega 2 þúsund
krónur.

Þá tók félagið þátt í mótum eins og áður,
skemmtifundir voru haldnir, afmælis minnst,
og ýmislegt gert til fjáröflunar, enda hækka
nú aðalupphæðir reikninga félagsins hröðum
skrefum ár frá ári. Þannig nema tekjurnar
þetta ár kr. 6369,82 og gjöld kr. 3289,10.

En að svo mikill tekjuafgangur verður,
stafar af því, að ekki reynist unnt að fá

íþróttakennara, og að ekki er hægt að bjóða
flokki heim vegna húsnæðisvandráða. Átti
þó félagið kost á tveimur meistaraflokkum
frá Reykjavík. Eignir félagsins eru nú taldar
nema kr. 6767,35, og þó ekki taldir með bún-
ingar og ýms áhöld, er félagið hefir keypt
á undanförunum árum. Félagar eru 243.

Kvennaflokkur á landsmót.

Einn merkasti viðburður á s. l. ári var óefað
það, að Hörður gekkst fyrir því, að héðan var
sendur í fyrsta sinn handknattleiksflokkur
kvenna á landsmótið í Reykjavík s. l. sumar.
Tóku þátt í því 7 stúlkur, 5 úr Herði og
tvær úr kvenskátafélaginu Valkyrjur. Flokk-
ur þessi fór undir nafni Í. R. V. F.

Þó að flokkur þessi færi ekki með sigur af
hólmi, má telja víst, að hann hafi eflst við
hvern kappleik. Dómar um leik flokksins
voru góðir, og var því spáð, að þessi flokkur
yrði hættulegur á næsta móti.

Félagið tók þátt í þrem mótum á s. l. ári:
Knattspyrnumóti 1. og 3. flokks og íþróttav-
móti Vestfjarða. Vann félagið 1. og 3. flokks
mótið. Hefir Félagið nú unnið Framhornið
2 sinnum í röð, og ef Hörður vinnur 1. flokks
mótið í sumar, vinnur hann hornið til eignar.


Harðverjar stóðu sig prýðilega á íþróttav-
mótunum, sérstaklega þó þrír þeirra, Niels
Guðmundsson, Guðmundur Hermannsson og
Þórólfur Egilsson.

Einnig byrjaði félagið á s. l. ári á kennslu
í íslenskri glímu. Var fenginn sendikennari
Í. S. Í. Kjartan Bergmann Guðjónsson. Stóð
kennslan yfir í fjórar vikur, og tóku þátt í
henni margir fullorðnir og einnig unglingar.
Í lok námskeiðsins var glímusýning og bænda-
glíma, þar sem ellefu unglingar og átta full-
orðnir sýndu. Þótti þessi glímusýning takast
vel, og fylltu bæjarbúar Alpýðuhúsið, enda
hafði þá ekki farið hér fram glíma opin-
berlega í meir en áratug.

Í fyrsta sinn í sögu félagsins var komið
upp á s. l. ári fimleikasýningu, voru það
karla- og kvennaflokkur undir stjórn fim-
leikakennaranna Halldórs Erlendssonar og
Maríu Gunnarsdóttur.

Formenn Harðar.

Fyrsti formaður Harðar var Þórhallur Le-
ósson til 1922, þá Garðar Ólafsson 1923,
Helgi Þorbergsson 1924—25, Helgi Guðmunds-



+354 4971373

gt að bjóða
dræða. Átti
araflokkum
u nú taldar
ir með bunn-
hefir keypt
ru 243.

i var óefað
hédan var
eiksflokkur
s.l. sumar.
Herði og
ur. Flokk-
F.
ð sigur af
i eflst við
flokksins
si flokkur

á s. l. ári:
g íþrótt-
3. flokks
amhornið
1. flokks
til eignar.
á íþrótt-
ra, Niels
nsson og

kennslu
líkennari
son. Stóð
ku þátt í
nglingar.
g bænda-
átta full-
g takast
ið, enda
na opin-

r komið
oru það
rn fim-
onar og

llur Le-
n 1923,
munds-

son 1926—1935 og Sverrir Guðmundsson 1936—1942.

Það mun engan meida, þótt fullyrt sé, að þessir menn eigi flestum öðrum Harð-
verjum meiri þátt í mótun félagsins, þótt
margir hafi vitanlega lagt þar á gjörva hönd,
svo sem t. d. Agúst Leós og Karl Bjarnason,
núverandi formaður félagsins, svo að ein-
hverjir séu nefndir.

En annars hættir sá, sem þetta ritar, sér
ekki út á þá braut, að fara að vega og meta
verðleika manna í félagsstarfsemi Harðar.
Þar, eins og víðar, eru stundum þeir drýgstir,
sem minnst láta yfir sér. Og óbeinu störfir
stundum happadrygri en
þau beinu. Þannig er ég
ekki í vafa um, að flokkur
sá, sem oft hefir verið
nefndur í þessum línunum, og
ég hefi leyft mér að kalla
„hinn sigursæla“, hefir ekki
átt minnstan þátt í því, að
gera Hörð að þeim menn-
ingarfrömuði í íþróttalífi
Vestfjarða, sem hann óneit-
anlega er.

Hér að framan hefir að-
eins lítilllega verið drepit á
allan þann fjölda kapp-
leikja, sem Hörður hefir tek-
ið þátt í um dagana. Slík
upptalning sigrá og marká-
fjöldi mundi koma að litlu
gagni, og síst verða skemmti-
legri en almennir reikningar.

En til þess að gera
þessu atriði þó nokkur
skil, hefi ég með aðstoð góðra manna dregið
þetta saman í eina heild, eftir þeim heimild-
um, sem fyrir hendi eru — en í þeim eru
eyður og veilur, svo sem fyrr getur.

Sigrar — ósigrar.

Skráin yfir það tvennt lítur þannig út:
1. flokkur hefir tekið þátt í 44 kappleikj-
um. Unnið 26, en tapað 18. Skorað 94 mörk
en fengið á sig 55. 2. flokkur hefir tekið þátt
í 17 kappleikjum. Unnið 9 og tapað 8. Skorað
31 mark gegn 22. 3. flokkur hefir tekið þátt í
15 leikjum. Unnið 13 en tapað aðeins 2. Hefir
skorað 51 mark gegn 13.

Þetta segja skjöl félagsins, en vitað er, að
um talsvert fleiri leiki en þetta er að ræða hjá

flestum flokkum, án þess þó, að hér verði
gerð tilraun til að eltast við það.

Eftirmáli eftir formann félagsins.

Hörður hefir nú starfað í tuttugu og fimm
ár. Það eru ekki mörg íþróttafélög í landinu
sem eru mikið eldri. Við komumst þess vegna
ekki hjá því á þessum tímamótum að staldra
við, líta um öxl og sjá starfið, sem unnið
hefir verið — þakka frumherjum fyrir þeirra
drengilega verk að koma félaginu yfir byrj-
unarörðugleikana — og fyrir að skapa þann



Vestfjarðameistarar 1942. III. flokkur.

trausta og góða félagsanda, sem ríkt hefur í
félagi okkar alla tíð. Það verður ekki ofsög-
um sagt, að stofnendur Harðar hafa fullkom-
lega og með einstakri prýði markað stefnuna
rétt í málum félagsins frá byrjun.

Við viljum einnig þakka öllum þeim fé-
lögum, og sérstaklega Vestra, sem unnið hafa
með okkur að íþróttamálum hér í bæ. —
Reykjavíkurfélögunum: K. R., Fram, Viking,
Val og Ármanni, svo og Þór á Akureyri og
Herði á Patreksfirði — fyrir móttökur þess-
ara félaga á íþróttaflokkum okkar. Ennfrem-
ur þökkum við þeim fyrir heimsóknir til Ísa-
fjarðar á umliðnum árum.

Við getum með gleði litið yfir farinn veg,
og fortíðinni megum við ekki gleyma, og enn

Endurminningar.

Það yrði langi mál, ef ég ætti að vila upp allar knattspyrnuminningar mínar, og mun ég því aðeins stikla á störu í því efni.

Það fyrsta, sem ég minnst er, þegar franskt skip að nafni „Louisier“ kom hingað, og var keppt við skipverja af því. Var þá aðeins eitt félag hér starfandi: „Fótboltafélag Ísafjarðar“.

Ég held, að ég hafi ekki tekið þátt í þeim leik. Til þess að svo geti verið, man ég of vel eftir nokkrum einstökum hinna frönsku skipverja. Þetta mun hafa verið um 1912 eða 1913. En í leik þessum tók þátt Kristján bróðir minn. Meðal Ísfirðinga var hann venjulega kallaður Ko. Alberts, og þegar ég byrjaði að æfa knattspyrnu, heyrðist oft sagt, þegar illa leit út um æfingasókn: „Jú, þetta er að lagast, þarna koma Ko og Tjóni Alberts“.

Oft fengum við skammir hjá pabba okkar,

síður hinu, að framtíðin bíður okkar, og áfram verður að halda. Við eigum mörg óleyst verkefni og verðum að ganga ötulir til starfa, svo þau verði leyst fljótt og vel, því mörg þeirra þola enga bið. Ég ætla að minnst nokkurra þeirra verkefna, sem leysa þarf: Fyrst og fremst verða allir félagar að leggja meiri rækt við íþróttagreinar, sem nú eru stundaðar, og þá sérstaklega fimleikana. Einnig verða allir að mæta stundvíslega til æfinga, því óstundvís og íþróttir eiga enga samleið. Og það er vansæmd hverjum íþróttamanni að vera óstundvís. Glimunni, sem við höfum nú nýlega bætt við starfsemi okkar, verðum við að halda uppi um alla framtíð. Og vil ég því skora á alla Harðverja að leggja sig alla fram, til þess að svo megi verða. Það er heiður hvers íþróttafélags að skipa íslenskri glímu hæst á stefnuskrá sína — herra en erlendum íþróttum, hversu góðar sem þær kunna að vera. Eitt er það enn,



Jón Alberts.

þegar við komum heim með rifna skó eftir æfingu, þar til eitt sinn að hann horfði á leik milli Ísfirðinga og skipverja á „Íslands Falk“. Þá spurði hann okkur, er heim kom, nánar um gang leiksins og knattspyrnuna yfirleitt, og leystum við úr því eftir getu. Eftir það hvatti hann okkur heldur en latti til æfinga.

Oft var erfitt að halda uppi æfingum í „Fótboltafélagi Ísafjarðar“, og eitt sumar var hvern eða annan hvern sunnudag skipt í 2 flokka, og skyldi sá flokkurinn, er undir varð í keppni þann dag, veita hinum flokknum kaffi í kaffistofu bæjarins. (Ég held, að það hafi ekki verið hér nema eitt kaffihús í þá daga).

Oft var keppt við skipverja af færeyskum fiskiskipum, er hér komu. Léku þeir oftast á sokkunum. Einnig kom fyrir að leikið var á íslögðum Pollinum, en þá var illfært að leika, nema á sokkunum. Einnig þótti okkur gaman á haustæfingum, þegar svo dimmt var, að knötturinn sást ekki, heldur var hlaupið eftir hljóðinu. Man ég í sambandi við það, að hér var þá prentari, sem Björn hét, og var Jónsson. Kom hann oft á þessar kvöldæfingar. Hann reykti í pípu, og eitt kvöld kom hann sem oftast reykjandi, og þegar hann fór að hlaupa, stakk hann pípuinni í vasann, en hafði ekki slökkt í henni til fulls. Er nokkuð leið, var hægt að fylgja

sem okkar félag vantar nú þegar, en það eru betri æfingaskilyrði fyrir frjálsar íþróttir og handknattleik. Einnig vantar góðan fimleikasal, þar sem hægt yrði að stunda að vetrinum allar íþróttir, svo að íþróttamennirnir geti að vorinu, þegar sól og sumar er komið, farið út til æfinga þjálfaðir í íþróttunum, öruggari til keppni og vissari um betri árangur. En til þess, að svo geti orðið, verður félagið að koma sér upp húsi, sem það hefur öll umráð yfir.

Ef Harðverjar nú og framvegis kappkosta að efla sannan félagsanda og eru einhuga og ötulir í störfum sínum, þá er hægt að auka starfsemina, já, koma upp íþróttahúsi, sem skapa mundi hollari skemmtanir, heilbrigðari æsku og sanna íþróttamenn og konur. Ef okkur tækist það, að skila eftirkomendunum slíkum arfi, gætum við glaðir lesið sögu næstu tuttugu og fimm ára.

Karl Bjarnason.

skó eftir
horfði á
„Íslands
eim kom,
spyrnuna
ftir getu.
en latti

tingum í
umar var
skipt í 2
er undir
flokkn-
held, að
kaffihús

reyskum
oftast á
kið var
fært að
í okkur
dimmt
ur var
mbandi
Björn
þessar
og eitt
andi, og
n píp-
henni
fylgja

að eru
ttir og
leika-
rinum
geti að
farið
uggari
r. En
gið að
umráð

okosta
ga og
auka
sem
brigð-
r. Ef
inum
sögu

on.



Ísfirðingar og Fram 1922.

Standandi frá vinstri: Ben. G. Wáge, Árni Danielsson, Guðmundur Halldórsson, Ólafur Magnússon, Osvald Knudsen, Garðar Ólafsson, Magnús Guðbrandsson, Tryggvi Magnússon, Brynjólfur Jóhannesson, Guðbrandur Kristinsson, Þórhallur Leós, Pétur Sigurðsson, Jóhannes Sigfússon, Þorsteinn Kristinsson, Árni J. Arnason, Kristján Albertsson. Sitjandi: Aðalsteinn B. Ólafsson, Eiríkur Jónsson, Aðalsteinn Friðfinnsson, Kjartan Þorvarðsson, Gísli Pálsson og Karl Kristinsson.

honum, því að eldneistarnir fuku aftur af honum, þar eð hann tók ekki eftir því, að kviknað var í vasa hans.

Við bræðurnir lékum með F. Í., þótt ég muni ekki eftir því, að ég greiddi nokkurntíma árgjald þau 6 eða 7 árin, er ég mun hafa verið þar með, eða þar til 1919, að Hörður var stofnaður. Voru stofnendur Harðar allir eða allflestir strákar, sem höfðu verið á einhvern hátt tengdir F. Í. Fyrsti kappleikur Harðar fór fram 17. júní 1919, og vann Hörður þann leik. Heyrði ég smá skritlu af tveim mönnum, er hittust upp við völl og fóru að tala um líkur fyrir því, hvor sigra myndi. Sagði annar þeirra, að hvernig sem hann teldi, gæti hann ekki fundið nema 7 menn í liði Harðar. (Liðin voru hvorug komin út á völlinn). Þá Kristinsbræður: Kalla, Bubba og Steina. Albertsbræður: Kristján og Jón. Hjört og Garðar Ólafssyni, og svo að lokum Bjart í Bræðraborg (Dagbjart Sigurðsson, nú kaupm. í Reykjavík).

Veðjuðu síðan þessir tveir menn um, hvor myndi sigra og lögðu 100 kr. undir. En er liðin komu út á völlinn segir sá, sem aðeins fann 7 mennina í liði Harðar: „Harðar menn eru mun kvikari“ ásamt fleiru, enda fór þannig, að hann tapaði veðfénu. Sá, sem vann veðmálið, var — og ég held óhætt sé að segja, er enn — hlynntur Herði, enda var sonur hans um nokkur ár virkur félagi Harðar.

Árið 1920 var keppt á ný 17. júní, og vann Hörður þá einnig. Í það sinn var ég ekki heima. Fór nú heldur að dofna yfir lífi F. Í. og leit helst út fyrir, að það myndi deyja út. En þá eða næsta sumar gefur Einar O. Kristjánsson gullsmíður hér í bænum (félagi í F. Í.) grip til að keppa um. Var það knattspyrnuvöllur úr marmara með uppstilltum 2 liðum. Var keppt um grip þennan 17. júní 1921, því að venjulega var knattspyrnukeppni þessi höfð sem einn liður á skemmtiskrá dagsins. Vann Hörður þennan leik og einnig

Gildi líkamsmenningar.

Um leið og minnst er K. S. F. Harðar nú á 25 ára afmælinu, er viðeigandi að minnst nokkrum orðum á það málefni, sem þetta félag berst fyrir: Líkamsmenningu og gildi hennar.

Að hvaða marki er keppt með ástundun íþróttar? Því, að þjálfar líkamann, gera hann betur úr garði, sterkari, liðugri, hraustari og fegurri.

„Hraust sál í hraustum líkama“, er gamalt máltæki. Eftir því eiga líkamlegt fjör og þróttur að vera undirstaða hreystinnar, bæði til sálar og líkama.

Vissulega gefur ástundun líkamsræktar fyrirheit um aukið líkamsprek og hreysti, og þó er ei nema hálfsgöð sagan. Íþróttamanninum er gefið tækifæri til að ná haldi á andlegum verðmætum.

Ég drep hér aðeins á fjögur atriði, en það er þolgæði, hugprýði, drengskapur og hátt-

17. júní 1922, en það varð til þess að F. I. dó. 1923 var reynt að fá þátttöku viðar að, og átti að keppa um gripinn í ágúst eða september. Kom þá lið hingað frá Bolungavík, en úr keppni varð ekki, því að svo mikil rigning var, og vatn svo mikið á vellinum, að vart þótti fært um hann í vaðstígvélum.

Eftir þetta lá knattspyrnan niðri um nokkur ár eða þar til nokkrir af félögum okkar skáru sig úr og stofnuðu knattspyrnufélagið Vestra. Var hvatamaður þess Einar O. Kristjánsson gullsmiður hér. Er hann enn hinn mesti áhugamaður um knattspyrnu, enda hefir hans oft verið getið í þessu riti.

Ur þessu hætti ég í nokkur ár að leika með, og var það vegna þess, að ég mólvaði þrjár tær á hægri fæti og þorði lengi vel ekki að taka þátt í knattspyrnu. Byrjaði þó á ný og lék með öðru hvoru til 1937 eða 38, og hafði þá verið með í nær 30 ár. Slæ ég svo botninn í grein þessa með innilegri ósk um, að „Hörður“ eigi sem lengsta lífdaga fyrir höndum og hafi sem hingað til hug „púkanna“.

Jón Alberts.



prýði. Þessir mannkostir verða að koma fram í hverjum leik — hverri íþrótt, ef vel á að fara.

Gildi íþróttar er undir því komið, hvernig til tekst um afnot þeirra í þágu uppeldis, hvort sem um er að ræða uppeldi sjálfs sín eða annara. Ræktun andlegra dyggða er aðalviðfangsefni íþróttamannsins. Uppskeran fer svo eftir því, hve jarðvegurinn hefur verið góður og hversu vandað hefur verið til sán-ingarinnar.

Við fyrstu þrekaunirnar hefir byrjandinn löngun til að gefast upp, og hann hikar við það, sem honum þykir áhættusamt.

En þessar torfærur hverfa með aukinni þjálfun. Íþróttamaðurinn vinnur æ stærrí sigra á sjálfum sér og vex að þolgæði og hugprýði. Í samvinnu við aðra íþróttaiðkendu og í kappi við þá, lærir sú list öðrum fremur, að koma drengilega fram við samherja og andstæðinga, án þess að gefa nokkuð eftir, og að taka sigrum og ósigrum með trúðmennsku.

Sá, sem temur sér þessar andlegu íþróttir í hverri þjálfun, er sannari íþróttamaður en hinn, sem framar stendur, aðeins í líkamlegu atgervi.

Ég hefi leitast við að benda á, hvert stefnt er með því að leggja stund á íþróttir.

Það er staðreynd, sem ekki þarf að deila um, að aukið íþróttalíf leiðir af sér aukna menningu á mörgum sviðum. Því ber hverju héraði, jafnt annarri menningarviðleitni, að styrkja þau félög, sem berjast fyrir aukinni líkamsrækt.

Helgi Guðmundsson:

Litið um öxl.

Þegar ég í dag, á 25 ára starfsafmæli félagsins, lít yfir störfin á liðnum árum, er margt að minnast. — Fjöldi fagurra endurminninga frá æskuárunum — þeim góðu dögum — streymir fram og gleður hugann. Slíkar minningar er gott að eiga um unnin störf í félagi góðra drengja, þar sem samhugur, góður skilningur og velvild ríkja.

Svo giftusamlega réðst um val stofnenda, að framtíð félagsins var tryggð, þegar á fyrstu árunum. — Stofnendurnir, sem allflestir voru úrvals-knattspyrnumenn á okkar mælikvarða — gerðu þegar „garðinn frægan“. Beztu efnin gengu í félagið — þar þótti gott að vera. — Eftir mjög skamman tíma átti félagið úrval reglusamra og félagsþroskaðra knattspyrnumanna, og vann þá „Hörður“ alla þá kapp-leiki, sem háðir voru við „Fótboltafélag Ís-firðinga“. — Síðar, þegar nýtt félag reis úr rústum „Fótboltafélags Ísfirðinga“ og keppni og eðlilegur metnaður knattspyrnumannanna í „Herði“ og „Vestra“ gerðu kappleikana lif-lega og skemmtilega, mátti Hörður vel við

Íþróttafélög hér á landi hafa of lengi sótt þungan róður móti óveðrum andúðar, eða í lognmollu þagnar og drunga. Nú riður á að skilyrði til íþróttastarfsemi séu bætt verulega, svo að íþróttasamtök geti keppt um hylli æskunnar við þau öfl, sem fánýt eru og skað-leg. K. S. F. „Hörður“ hefir unnið til heilla fyrir þetta bæjarfélag í 25 ár. Starfið er meira en marga grunar. Á þessu tímabili hefur fjöldi ungmenna leitað til K. S. F. „Harðar“ um viðfangsefni í tómstundum sínum.

Gæfa mannsins getur verið undir því kom-in, hvernig tómstundum er eytt, ekki sízt nú, þegar vinnutími er styttri en áður var.

Ég er viss um, að Ísfirðingar virða mikils það starf, sem eftir K. S. F. „Hörð“ liggur á umliðnum 25 árum.

Bezta endurgjaldið, sem þessu félagi gæti hlotnast, væri þó, ef hugur æskunnar birt-ist félaginu í því, að hún kæmi til enn nán-ara samstarfs, en verið hefir.

Friðrik Jónasson.



una — því að í flestum þeirra bar hann sig-ur úr bitum.

Stjórnir félagsins hafa rækt störf sín með ágætum, enda ber félagið þess vott. Það hef-ir verið vel „uppbyggt“, áherzla hefir alla tíð verið lögð á drengilega framkomu og þrúðan-leik. Þessi regla hefur gengið sem rauður þráður gegn um alla starfsemi félagsins og mótað leikmenn þess, svo að til fyrirmyndar er. — Félagið hefur átt því láni að fagna, að allflestir félagsmenn eru bindindismenn — enda hafa forráðamennirnir verið „ratvísir“ í þeim sökum. — Sú gifta á drjúgan þátt í skilningi og ágætu samstarfi innan félagsins, og samvinnu við önnur félög, þegar þess hefir verið leitað.

Enn í dag er starfspróttur félagsins góður, þrátt fyrir það, að margir beztu leikmenn fyrri ára eru fluttir burtu. — En atvinnu-hættir hafa í flestum tilfellum orsakað hvarf þeirra héðan. — Um slíkt skal ekki fást, en kosta skal kapps um að þjálfa þá ungu, svo að alltaf komi maður manns í stað. Ef þessa er gætt, á félagið enn örugga framtíð önnur 25 árin. Vinnum að því!

Ég vil nú hér rekja að nokkru, eftir því sem við verður komið, iðkun knattspyrnunnar hér á Ísafirði — og þá jafnframt á Vest-fjörðum, því annarstaðar en hér hefur knatt-spyrna varla verið iðkuð svo teljandi sé m. a. vegna fámennis kauptúnanna.

Það mun hafa verið árið 1902, að iðkun knattspyrnu hófst hér. — Var þá æft á Riis-túninu — bak við Norskabakarið — þar sem nú er hús Kristjáns Friðbjörnssonar málara



Stofnendur og heiðursfélagar



Þórhallur Leós.



Karl Kristinsson.



Þorsteinn Kristinsson.



Guðbrandur Kristinsson.



Helgi Guðmundsson.



Dagbjartur Sigurðsson.



Ólafur Asgeirsson.



Hjörtur Ólafsson.



Garðar Ólafsson.



Axel Gíslason.




Kristján Albertsson.



Jón Alberts.




Helgi Þorbergsson.



Eyjólfur Leós.



Kristján Leós.



Leó G. Leós.



Ísfirðingar og Víkingar 1921.

Standandi frá vinstri: Árni J. Arnason, Þorsteinn Kristinsson, Þórhallur Leós, Karl Kristinsson, Jakob Sölvason, Garðar Ólafsson, Ólafur Ólafsson, Brynjólfur Jóhannesson, Helgi Eiríksson, Gunnar Bjarnason, Sverrir Forberg, Halldór Halldórsson, Óskar Norðmann, Sigurður Wáge, Axel Andrésón. — Sitjandi: Jón Alberts, Indriði Wáge, Elías Jóhannesson, Páll Andrésón, Harald Aspelund, Ágúst Jónsson, Einar B. Guðmundsson, Ólafur Kárasón og Þórður Albertsson.

og hús þeirra bifreiðastjóranna Viggós Bergsveinssonar og Ingimars Ólasonar. Síðar var æfingasvæðið á norðanverðu túninu (Riistúni) meðfram Fjarðarstræti, þar sem nú er hús Jóns Ólafssonar trésmíðameistara og timburgeymsla Kaupfélags Ísfirðinga. Þá mættu menn til æfinganna í þeim fötum, sem þeir voru í við störf sín á daginn. Ekki voru notaðir knattspyrnskór, enda ekki fánlegir þá. Margir „spiluðu“ á sökkunum, en flestir á þeim skóm, sem þeir gengu á daglega — og voru þeir oft illa útleiknir að æfingum loknum.

Kunnátta í knattspyrnunni var ekki mikil, enda spilamennskan eftir því. Sá þótti góður, sem „kýldi“ knöttinn sem lengst eða hæst, og hópuðust menn þá saman og biðu, þar til hann kom úr loftferðinni. — Urðu þá oft stimpingar og hrindingar um hann, þar til einhverjum tókst að kýla hann á ný í aðra loftferð. Mikið var hlaupið, og eltu flestir

leikmenn knöttinn, hvert sem hann fór um völinn, og þegar hann nágaðist „gullið“, voru þar samankomnir allir leikmenn í iðandi kös í sókn og vörn, að undanteknum öðrum „gullmanninum“, sem stóð á lengdar og horfði á ósköpin.

Samspil þekktist þá varla, en „flott“ þótti að „þvæla“ framhá mótherjunum völinn á enda og setja mark án aðstoðar annara. Í þessu náðu margir allmikilli leikni, og þótti fin spilamennska.

Árið 1905 kom hingað íslenskur námsmaður frá Ameríku, Skúli að nafni. Hann bjó hjá Helga Sveinssyni bankaútbússtjóra og var frændi hans, og hafði Helgi sérlega mikinn áhuga þaðan af fyrir knattspyrnu. Skúli var góður knattspyrnumaður og tók mikinn þátt í æfingum, meðan hann dvaldist hér. Og lærðu menn af honum, svo að framfarir urðu allmiklar frá því, sem áður var. Á þessu ári (1905) voru æfingar hafðar uppi á „Hrossa-

taðsvelli“ (þar sem nú er knattspyrnuvöllurinn). Var þar háður fyrsti kappleikurinn, sem einn liður á skemmtiskrá þjóðminningardags Ísfirðinga, þann 3. júlí. Foringjar kappliðanna voru þeir Kristján Björnsson kaupmanns og Stefán Scheving héraðslæknis hér.

Næsta ár, þann 6. ágúst 1906, var kappleikur meðal skemmtiatriða þjóðminningardagsins, og voru þá foringjar kappliðanna þeir Arngrímur Fr. Bjarnason, nú kaupmaður, og Guðmundur Björnsson kaupmaður. Áhorfendur að þeim kappleik voru m. a. dönsku ríkisþingmennirnir 40 eða 46, sem heimsóttu Ísland á því ári. Voru þeir á eigin skipi og fóru kring um land og höfðu viðkomu á helztu stöðunum.

Á þessum árum var vaknaður þó nokkur áhugi fyrir knattspyrnunni. Samt hafði ekkert félag verið stofnað enn. Voru þá oftsinnis háðir kappleikir við sjóliða af dönsku strandvarnarskipunum „Beskytteren“, „Islands Falk“ og „Fylla“, einnig við sjóliða af enskum og frönskum herskipum, sem hingað komu ekki ósjaldan. Voru þessir kappleikir vel sóttir af bæjarbúum, enda ókeypis, og þótti góð skemmtun. Einnig var keppt við Færeyinga af fiskiskipum, sem oft lágu hér. Mikils þótti vert í þessum kappleikjum að geta „burstað“ útlendu sjóliðana — sem og tókst oft. Voru þá að sjálfsgöngu tilkvaddir beztu „spilararnir“, en ef einhverjir þeirra voru við vinnu og gátu af þeim orsökum ekki mætt — voru fengnir aðrir til að vinna þeirra störf (auðvitað ókeypis), meðan kappleikurinn fór fram. Í slíkum tilfellum, þegar mikið þótti í húfi, sýndu menn mjög góðan vilja og þegnskap. Hér vil ég geta eins þessháttar atviks: Leika átti kappleik við sjóliða af „Islands Falk“, en einn af beztu knattspyrnumönnum okkar, Kristján Albertsson, var þá inni í Djúpi. Hans var þó von með pósthátnum „Ásgeiri litla“ seint um kvöldið þennan dag, en „Ásgeir litli“ hafði viðkomu í Bolungavík og Hnífsdal á heimleið til Ísafjarðar. Það var því sýnt, að Kristján kæmi of seint til að „spila með“, en það mátti ekki verða. Því var hrynt fram báti með fjórum áhugamönnum til að sækja hann. Þeir reru knálega norður í Djúp og lágu fyrir „Ásgeiri litla“, tóku þar Kristján, og hann „spilaði með“.

Ef svona áhugi og vilji væri með æsku-

mönnum nú, værum við betur á vegi staddir með íþróttamál okkar.

Árið 1913 er stofnað hér fyrsta knattspyrnufélagið, „Fótboltafélag Ísfirðinga“. Aðallhvatamaður að félagsstofnuninni var Einar O. Kristjánsson gullsmiður. Hann lét og setja upp fyrstu markstengurnar á íþróttavöllinn.

Með stofnun félags þessa færðist nýtt líf í knattspyrnuíþróttina hér. Var nú æft reglulega og af áhuga fyrstu árin, en þar sem félagsmenn höfðu enga að keppa við og fengu ekki hollt mat á hæfni sína með því að keppa við aðra en sjálfa sig, dofnaði að vonum áhuginn.

Á fyrstu árum félagsins var byrjað að kenna knattspyrnulögin og æfa samkvæmt þeim. Var það Einar O. Kristjánsson, sem þann vanda tókst á hendur. Heldur þunglega sóttist kennslan, því menn voru mest vanir að spila eftir eigin höfði — og fyrir gat komið, þegar kennarinn með myndugleik sagði þeim til syndanna og hampaði lögunum, sem hann vitnaði ávallt í, að þeim leiddust skammirnar, svo að virðingin fyrir fræðaranum varð þá stundum ekki meiri en það, að þeir vildu grípa hann og hirta. — En hann varð að hjarga sér á flóttu. Einar lét þó ekki slíka smámuni á sig fá, en hélt ótraudur áfram kennslunni. Árið 1919 er stofnað knattspyrnufélagið „Hörður“. Stofnendur voru menn, sem æft höfðu með „Fótboltafélagi Ísfirðinga“, svo og félagar úr því. Færðist nú enn fjör í íþróttina, þegar félögin voru orðin tvö starfandi.

Heimsókn fyrstu knattspyrnufélaganna til Ísafjarðar, „Víkings“ 1921, og „Fram“ 1922, var stórviðburður hjá knattspyrnumönnum hér. Þær heimsóknir efldu stórum áhuga og kunnáttu í íþróttinni, og bjó hún lengi að því. „Fótboltafélag Ísfirðinga“ átti sér þó skamman aldur hér eftir. Orsökinn var einkum sú, að félögin voru svo ójöfn að styrkleika. — Til „Harðar“ höfðu runnið svo að segja allir beztu kraftarnir, og vann hann því nær alla kappleiki, er félögin háðu. Þetta, svo og það, að í „Fótboltafélagi Ísfirðinga“ voru mestmegnis rosknir menn, olli því, að félagið hætti störfum árið 1923.

Aftur var þá aðeins eitt félag starfandi: „Hörður“, og voru æfingar vel sóttar. Þó kom að því, að deyfð færðist yfir félagið af sömu orsökum og fyrr, en árið 1926 er stofnað Knattspyrnufélagið „Vestri“. — Aðalhvata-

Herbert Sigurjónsson:

Íslenzk glíma.

Fyrsta ungmennafélagið á Vestfjörðum, Ungmennafélag Ísafjarðar, var stofnað 16. marz 1907 fyrir forgöngu Arngríms Fr. Bjarnasonar, kaupmanns hér í bæ. Haustið 1907 réð félagið til sín glímukennara, Jón Helgason, einn af glímufélögum Jóhannesar Jósefssonar. Var æft af kappi allan þann vetur, og 31. jan. 1908 hafði félagið glímusýningu í Good-Templarahúsinu. Glímdu þar 12 menn. Glímusýningin var vel sótt af bæjarbúum. Þessir 12-menningar sýndu síðar glímu í Bolungavík og Hnífsdal. Varð sýning þessi til þess að hleypa kappi í kinn ungra manna þar um slóðir til að æfa glímu. Síðar sama vetur hafði Ungmennafélagið glímusýningu, þar á meðal fjölmenna bændaglímu. Var sýning þessi háð á afmæli félagsins við mikið fjölmenni, og tókst sýning þess ágætlega og fór vel fram. Skæðastir glímumenn þennan vetur voru Ólafur Kárasón, kaupmaður, Arngrímur Fr. Bjarnason, Hannes Jónsson, ráðunautur, og Pétur V. Snæland, verzlunarmaður. En lipurlegast þótti glíma Árni B. Ólafsson, trésmiður. Var hann lengi vel einn af beztu glímumönnum hér í bæ.

Skjótt komu fram margir góðir nýir glímu-

maður að stofnuninni var enn Einar O. Kristjánsson. — Voru honum í fersku minni afdrif fyrsta félagsins, og sú staðreynd, að eitt félag á erfitt uppdráttar, ef kunnátta og áhugi eiga að þroskast. Enn sem fyrr eru stofnendur „Vestra“ velflestir félagsmenn úr „Herði“. — Sú blódtaka veikti þó ekki félag okkar. Þvert á móti efldust starfskraftarnir, þegar nýir keppinautar komu til sögunnar, enda hafði knattspyrnuáhuginn þá náð sterkum tókum á æskumönnunum.

Til dagsins í dag hafa félögin „Hörður“ og „Vestri“ skemmt bæjarbúum með kappleikjum sínum. Sigrarnir hafa verið báðum meg-in og sitt á hvað, og er það vel. Ósigrarnir hafa ekki orsakað varanlega deyfð í félögum — og eins og nú horfir, virðist framtíð knattspyrnunnar vera trygg, því þeir minnstu spila með.

Helgi Guðmundsson.



menn. Fór það eins og vant er mest eftir því, hve menn voru þolinmóðir að sækja æfingar, því án mikillar æfingar, verður enginn góður glímumaður. Úr hinni nýrri sveit eldri glímumanna hér má m. a. nefna Pál Kristjánsson, trésmið, Stefán Bjarnason, skipstjóra, Teit Hartmann, þá lyfsalásveinn hér, Guðmund Helgason, trésmið, og síðast en ekki sízt Geir Jón Jónsson, sem lengi var glímukappi hér vestra og einnig ágætur í fleiri íþróttum. Ungmennafélagið hér stofnaði ungmennafélög í Bolungavík og Hnífsdal, og var náð samstarf milli félaga þessara. Sama félag hafði einnig forgöngu um stofnun sambands milli þessara 3ja félaga, en íþróttafélagið Stefdir á Suðureyri varð 4. félagið í sambandi þessu, er nefndist Íþróttasamband Vestfjarða og stóð opið öllum íþróttafélögum og ungmennafélögum. Stjórn þessa sambands lét gera *Glímubelti Vestfjarða*. Það smíðaði vöundurinn, Helgi Sigurgeirsson, gullsmiður hér í bæ, og mæltu margir, sem sáu, að það væri fegursta glímubeltið á landinu. Um beltíð skyldi keppa árlega, og giltu um það að öðru leyti svipaðar reglur og um Grettisbeltíð á Akureyri.

Varð þetta allt til þess að auka áhuga um glímu hér um slóðir, svo að opinberar glímusýningar og kappglímur voru þá engu sjaldgæfari en leiksýningar. Áður en beltíð var alveg fullgert, höfðu félögin þrjú, á Ísafirði, í Bolungavík og Hnífsdal, sameiginlega kappglímu hér á Ísafirði. Stóð hún yfir í tvö kvöld — með miklum atgangi og húsfylli áhorfenda bæði kvöldin. Höfðu félögin mjög



Þátttakendur í glímunámskeiði Harðar 1943.

Aftari röð frá vinstri: Alf Simson, Jóhann Sigurðsson, Þórir Jónsson, Bjarni Danielsson, Hafsteinn O. Hannesson, Herbert Sigurjónsson, Sigurður Gunnarsson, Guðmundur Gunnlaugsson. Fremri röð: Haukur Sigurðsson, Kári Kristjánsson, Guðjón Júníusson, Hákon Bjarnason, Kjartan Bergmann Guðjónsson, kennari, Guðbjartur Finnbjörnsson, Einar Gunnarsson, Sigurjón Hrólfsson, Páll S. Kristjánsson. Fremsta röð: Albert Karl Sanders, Hilmar Ólafsson og Jens Sumarliðason.

valið lið til þessa leiks. Frá Hnífsdælingum komu m. a. þeir Aðalsteinn Pálsson, skipstjóri, og Örnólfur Hálfðánsson, sjómaður. — Frá Bolvíkingum komu Magnús Kristjánsson, formaður, og Magnús Magnússon frá Hafnarhólmi, nú lögregluþjónn í Winnipeg. Frá Ísfirðingum komu líka margir garpar, m. a. Geir Jón Jónsson, Ágúst heitinn Jóhannesson og Ólafur Kárason. Mikið var kappið og sterklega glímt, en allt fór vel fram. Hér á Ísafirði voru glímuæfingar þennan vetur að jafnaði 3svar í viku, og þeir voru býsna fáir, sem „skrópuðu“, nema gild forföll væru fyrir hendi. Og sami áhugi var hjá þeim yngri, sem nutu tilsagnar hjá Ungmennafélaginu hér.

Handhafar glímubeltisins frá fyrstu tíð voru þessir, eftir röð: Geir Jón Jónsson, frá Ísafirði, Marinó Norðquist og svo Gísli Kristjánsson (1933), báðir úr Bolungavík.

Árið 1932 var stofnað á Ísafirði Glímufélagið „Ísfirðingur“. Það, sem fyrst og fremst vakti fyrir stofnendum þessa félags, var að hefja glímuna til vegs og virðingar, eftir að

hún hafði legið hér niðri um nokkur ár. Kennari félagsins var fyrsta árið Marinó Norðquist. Kenndi hann í einn mánuð. Æfingar voru haldnar í Aðalstræti, í hinni svokölluðu Hæstakaupstaðarbúð. Þátttakendur voru 22. Að kennslu lokinni var háð kappglíma, svokölluð Ísafjarðarglíma. Voru veitt fern verðlaun. Hlutskarpastur varð Herbert Sigurjónsson, annar Jóh. Sigurðsson og þriðji Samúel Jónsson. Fegurðarverðlaun hlaut Hrólfur Sigurjónsson. Nokkru seinna fór Marinó með glímuflokk þennan til nærliggjandi staða: Bolungavíkur, Hnífsdals og Súðavíkur, og sýndi þar glímu. Árið eftir fékk félagið kennara frá Reykjavík, Þorstein Kristjánsson, úr glímufélaginu Ármann. Kenndi hann hér í tvær vikur og aðrar tvær í Bolungavík. Sama ár fór fram Vestfjarðaglíman, og tóku þátt í henni fjórir Ísfirðingar og fjórir Bolvíkingar. Glímukappi Vestfjarða varð að þessu sinni Gísli Kristjánsson frá Bolungavík. Kappglíma þessi fór vel fram, nema hvað það óhapp henti, að einn keppandinn,

Herbert Sigurjónsson, fór úr líði og varð að ganga úr leik í fjórðu glímu.

Eru nú líðin rösk 10 ár, síðan Vestfjarðaglímán hefir verið háð, og er leitt til þess að vita. Eftir kappglímu þessa dofnaði mjög áhugi manna fyrir henni, nema hvað þrír eða fjórir menn gerðu tilraun til að halda henni við, en það fjaradi út. Má því segja, að glíman hafi legið niðri frá 1933 til 1943, er Knattspyrnufélagið Hörður tók hana upp á sína arma og reyndi að vekja áhuga fyrir henni með því að fá kennara frá Reykjavík. Var það hinn nafnkunni glímukóngur og glímusnillingur, Kjartan Bergmann Guðjónsson, úr glímufélaginu Ármann. Kenndi hann í einn mánuð og hafði að kennslu lokinni sýningu hjá fullorðnum og drengjum. Árið 1944 fékk Hörður sama kennara hingað, og átti hann að kenna í 3 vikur hér og annað eins í Bolungavík. Hafði ég tal af mörgum mönnum hér, bæði sjómönnum og verkamönnum og hvatti þá til að stunda æfingar hjá hinum góðkunna kennara. Báru þeir ýmsu við, svo sem eins og því, að vegna sjósóknar gætu þeir ekki stundað glímuæfingar, en aðrir sögðu, að þeir væru svo uppteknir af hinu eða þessu, svo að æfingasókn hjá þeim eldri varð svo að segja engin, og eftir vikuna varð að hætta æfingum hjá þeim. Hinir yngri sóttu aftur á móti vel æfingar. Úr Bolungavíkinni hafði Kjartan aftur á móti aðra sögu að segja. Þar voru æfingar vel sóttar, svo að oft voru 30 á æfingu, þrátt fyrir ötula sjósókn Bolvíkinga, enda notuðu þeir frítíma sinn til að hagnýta sér kennslu kennarans. Sýndu Bolvíkingar með þessu, að þeir skákðu Ísfirðingum þarna, og hafi þeir heiður fyrir. Mér finnst, að *Ísfirzkir íþróttamenn megi með engu móti gleyma íslenzku glímunni* vegna annara íþróttar.

Félag okkar hefir þannig sýnt lofsverða viðleitni, til þess að vekja enn á ný áhuga meðlima sinna og annara bæjarbúa, fyrir hinni karlmannlegu og rammíslenzku íþrótt, en að visu án þess að það hafi borið æskilegan árangur. — Skora ég því á félagana í Herði að beita áhrifum sínum í þá átt, nú á þessum merku tímamótum í æfi félagsins, að *þriðja tilraunin til þess að vekja áhuga fyrir glímunni hér í bæ beri þó þann árangur, að glíman verði varanlega endurvakin.*

Herbert Sigurjónsson.



Agúst Leós.

„Hvað ungur nemur — sér gamall temur“

Við athugun á ágripi af afrekum Ksf. Harðar frá stofnun til þessa dags, finnst mér eitt af því merkilegasta vera það, sem skeði árið 1931, þegar III. flokkur félagsins var stofnaður, og starf þess flokks síðan.

Ef við athugum sögu þessa flokks, þá er hún ákaflega lærdómsrík fyrir knattspyrnumenn og íþróttamenn yfirleitt, því hún sýnir, hvernig á að æfa knattspyrnu rétt. Enda sést það á sigurvinningum flokksins á þessu tímabili. En á því keppir flokkurinn 15 kappleiki, sem skráðir eru og ber sigur af hólmi í 13 þeirra, en tapar aðeins tveimur. Öðrum kappleiknum tapar hann, þegar flokkurinn er að byrja og því lítt þjálfður, en hinum tapar hann fyrir úrvali úr Ksf. Reykjavíkur og Ksf. Val í Reykjavík, en var þá búinn að sigra félögin hvort í sinu lagi bæði á Ísafirði og í Reykjavík.

Þetta er svo góð frammistaða, að ég get ekki annað en dáðst að henni, og þessvegna vil ég benda ykkur á þetta, því að þarna er hægt að sjá, hvernig á að leika knattspyrnu og sigra.

Nú skulum við athuga þetta nánar. Hvernig stóð á því, að þessi flokkur var stofnaður, og hversvegna sigraði hann svona glæsilega?

Eftir að I. flokkur Harðar hafði tapað leik við Ksf. Vestra í ágúst 1931 komu af sjálfdáðum 26 drengir til mín og mæltust til þess við mig, að stofnaður yrði III. aldursflokkur innan félagsins, til þess að þeir fengju að æfa knattspyrnu. Mér leizt vel á þessa



“mall temur“

frekum Ksf. s, finnst mér það, sem skeði félagsins var síðan.

flokks, þá er knattspyrnu-því hún sýnu rétt. Enda eins á þessu inn 15 kappgur af hólmi mur. Öðrum lokkurinn er, en hinum Reykjavíkur þá búinn að þá á Ísafirði

, að ég get g þessvegna að þarna er knattspyrnu

nar. Hvernig r stofnaður, a glæsilega? Þi tapað leik u af sjálfs- tust til þess dursflokkur fengju að el á þessa

drengi, hvað þeir voru ákveðnir með þetta, og það að þeir tóku þetta upp hjá sjálfum sér. Ég gerði því mitt bezta til þess, að flokkur þessi yrði stofnaður. En ekki þýddi að stofna flokkinn, nema fenginn yrði einhver fullorðinn maður, sem vit hefði á knattspyrnu, til þess að kenna drengjunum. Það varð að samkomulagi milli mín og stjórnarinnar, að Halldór Sigurgeirsson á Ísafirði kenndi flokk þessum. Þó svo að Halldór hefði haft litla æfingu í knattspyrnuleik, þá hafði hann kynnt sér þrýðilega úr erlendum bókum (og gerði það reyndar betur síðar), hvernig ætti að kenna knattspyrnu og var hann sérlega fróður um slíka hluti. Kennsluhæfileika hafði hann og góða. Halldór byrjaði svo að kenna, og það bezta hjá honum var það, að hann lagði megináherzlu á undirstöðuatriði knattspyrnunnar, en lét ekki drengina byrja á því að hlaupa, sparka og elta knöttinn um allan völlinn eins og svo margir byrja á — því miður. Nei hann lét þá hlaupa, án þess að elta nokkurn knött, og kenndi þeim að ná góðum hlauparastíl og vera viðbragðsfljótir og sprettharðir, en þó þolgóðir. Einnig kenndi hann þeim rétta meðferð á að stöðva knött, sparka, skalla o. þ. h. Í fáum orðum sagt: Hann kenndi þeim að ná réttum knattspyrnumannastíl og að ná valdi á og stjórna knetti. Hann tók hvert atriði út af fyrir sig og kenndi það með þeim hætti, að það varð leikur úr þessu hjá drengjunum. Og þeir vildu ekki hætta, fyrir þeir væru búnir að ná samilegum árangri. Enda sá ég það oft eftir æfingarnar, að drengir, sem voru að leika sér með knött, þjálfuðu sig í þessum æfingum, sem Halldór kenndi þeim, utan kennslustundanna, og flýtti það auðvitað mikið fyrir góðum árangri kennslunnar.

Eftir að samilegri leikni var náð í meðferð knattarins, lét Halldór drengina skipta liði og leit nú vandlega eftir, að hver væri á sínum stað. Síðan sagði hann þeim, hvaða svæði þeir hver um sig ættu að leika á, og hvaða mótstöðumanns þeir ættu að gæta o. þ. h. Þegar svo byrjað var að leika, kenndi hann þeim samleik, svo að þeir unnu allir saman sem ein heild, en „sóló-spil“ reyndi hann að útiloka. Hann gerði þennan flokk að heilsteyptu, samtaka liði ellefu drengja, þar sem hver drengur var æfður í að taka á móti knetti, hvernig svo sem hann kom til

hans og úr hvaða átt sem hann kom og enn fremur að senda knöttinn hvert sem leikandinn vildi: Samleikur þessara pílta var með afbrigðum góður, og það svo, að Reykvikingar dáðust að leikni þeirra.

Þetta, sem drengirnir lærðu þarna, kom þeim að góðum notum síðar, þegar þeir voru komnir upp í eldri flokka félagsins og báru þeir þar af öðrum, hvað leikni og samleik snerti. Þá fór Hörður líka að vinna glæsilegri sigra, en hann hafði nokkurntíma áður unnið í þeim flokkum.

Halldór Sigurgeirsson á miklar þakkir skildar fyrir þessa kennslu, því hann sýndi Hörðverjum, hvernig ætti að kenna knattspyrnu og læra hana. Bezti þakklætisvotturinn til Halldórs fyndist mér, að félagið gæti sýnt honum með því að taka nú upp, í tilefni af 25 ára afmælinu, kennslukerfi Halldórs, eða svipað kennslukerfi, og kenna það í öllum flokkum félagsins, því þá fyrst gæti Hörður orðið eitt bezta knattspyrnufélag þessa lands.

Nú ætla ég ekki að ræða meira um þennan flokk né þjálfun hans, en vil benda ykkur á og hvetja ykkur til þess að læra rétt bæði knattspyrnu, handknattleik og aðrar útlípróttir, og byrja á undirstöðuatriðunum, en ekki leiknum sjálfum. Og því yngri, sem þið eruð, því betra. Sé lögð mikil áherzla á undirstöðuatriði íþróttanna, þá verður það vanalega svo, að árangurinn verður þrýðilegur, og sér þá enginn eftir þeim tíma, sem hann hefur notað til undirstöðuatriðanna, því það kemur í ljós, að það er þeim að þakka, að árangurinn varð góður.

Þeim, sem kenna, vildi ég benda á að byrja á þessu með nemendum sína, strax þegar þeir hafa aldur til að ganga í yngsta flokkinn, því: það sem ungur nemur — sér gamall temur.

Heill þér Hörður.

Staddur í Reykjavík 1. maí 1944.

Með félagskveðju.

Ágúst Leós.

Mótin í sumar.

Íþróttamót Vestfjarða verður hald á Ísafirði dagana 11.—13. ágúst n.k. Fjórtá og annars flokks mót í knattspyrnu er ákveðið sunnudaginn 20. ágúst. Þriðja flokks mót í knattspyrnu og annars flokks mót í handknattleik verður sunnudaginn 27. ágúst. Að síðustu verður svo 1. flokks handknattleiks- og knattspyrnumót sunnudaginn 3. september.

Handknattleikur kvenna.




Guðriður Matthíasdóttir:

Handknattleiksíþróttin er ung í okkar bæ. Það mun hafa verið Hörður, sem fyrst byrjaði að leggja stund á þessa íþrótt, hér á Ísafirði. Á aðalfundi félagsins, 12. maí 1933, var samþykkt að stofna handknattleiksdeild kvenna. Og 17. maí sama ár var deildin stofnuð með 19 stúlkum. Voru æfingar stundaðar mest á svokölluðu Riistúni, neðan við Barnaskólann.

Um svipað leyti stofnaði „Vestri“ einnig handknattleiksdeild og æfði á sama stað.

Áhugi stúlkanna var mikill fyrstu tvö árin, en síðan smá dofnaði yfir, og 1937 var þessi íþrótt sama og ekkert iðkuð hér.

Má helzt því um kenna, að skilyrði til æfinga voru mjög slæm, og enginn verðlaunagripur til að keppa um.



Þátttakendur í handknattleiksmóti Íslands 1943.

Frá vinstri: Nilsina Larsen, Ilsa Aðalsteinsdóttir, Aðalheiður Guðmundsdóttir, María Gunnarsdóttir, Guðriður Matthíasdóttir, Sigríður G. Hagalín, Kristjana Guðmundsdóttir.

Árið 1939 vaknar áhuginn svo aftur með því, að Hörður gengst fyrir námskeiði í handknattleik. Tryggvi Þorsteinsson var fenginn til að kenna, og fóru æfingar fram á íþróttavellinum. Sem dæmi upp á áhugann, sem þá var, má geta þess, að á 20 æfingum voru að jafnaði mættir 14 af 15 þátttakendum.

Um þetta leyti bætist í hópinn skátafélagið Valkyrjur, svo liðin voru orðin þrjú.

Fara kappleikir að gerast tíðir hjá þessum flokkum, og veitir ýmsum betur.

Mesti viðburðurinn, enn sem komið er, var förin á Íslandsmótið síðastliðið sumar.

I förinni tóku þátt 6 Harðarstúlkur og 2 Valkyrjur, og var farið undir nafni Íþróttaráðs Vestfjarða.

Þó að þessi för væri engin sigurför í þess orðs fyllstu merkingu, þá var hún sigurför frá því sjónarmiði, að við erum færari nú en áður til stærri og meiri átaka í keppni.

Við lærðum af þeim, sem betri voru, komum heim með meiri íþróttalega þekkingu og síðast en ekki sízt komum við heim með hinn fagra „Ármanshikar“, sem glímufélagið Ármann var svo höfðinglegt að gefa okkur til keppni hér á Ísafirði.


Um gildi handknattleiksíþróttarinnar almennt vil ég segja þetta: Hún veitir alhliða líkamshjálfun með tilbreytingaríkum hreyfingum, hún krefst skjótrar hugsunar, snarræðis og síðast en ekki sízt, hún er flokkaíþrótt og flokkaíþróttin skapar gott félagslíf, styrkir og vernir vináttuböndin innbyrðis og skapar traustari heild út á við.

Það, sem handknattleiksíþróttina vantar einna mest í okkar bæ, er völlum og um fram allt grasvöllum.

Það er beinlínis skylda bæjarfélagsins að sjá æsku bæjarins fyrir góðum íþróttavöllum, og vonum við, handknattleiksstúlkur, að þessa skyldu uppfylli bæjarfélagið nú hið allra fyrsta. Góður íþróttavöllur laðar unga fólkið að íþróttunum — inn á hollar brautir. — Því réttilega iðkaðar íþróttir hafa bæði heilsusamlegt og uppeldislegt gildi.

Ísfrzk æska þarf að vera hraust, dugmikil og drengileg, og það verður hún, sé vel að henni húið, og hún fær góð skilyrði heima fyrir til að iðka hollar íþróttir.

Guðriður Matthíasdóttir.



Sverrir Guðmundsson:

Frjálsar íþróttir.

Frjálsar íþróttir hafa ávallt skipað öndvegissess á alþjóðamótum frá fyrstu tíð. Stafar þetta fyrst og fremst af því, að þær eru skemmtilegar og fjölbreyttar. Hér á landi eru frjálsar íþróttir ekki gamlar, má segja, að þær hefjist með stofnun Glimufélagsins Ármanns, K. B. og I. R. í Reykjavík.

I. R. mun vera fyrsta félagið, sem keypti sér áhöld, svo sem spjót, kringlu, kúlu og stöng.

Fyrsta landsmótið í frjálsum íþróttum var háð af U. M. F. I. árið 1911. Eins og gera má ráð fyrir, hefir þekking á leikreglum og þjálfun verið mjög af skornum skammti á þeim tímum, en með stofnun I. S. I. má segja, að nýtt tímabil hefjist í þessum málum. Útbreiðsla þessara íþróttar var næsta lítil fram- an af, en Norðlendingar munu sennilega koma næstir Reykvikungum um iðkun þessara íþróttar, svo nefnandi sé, því að fyrsta mótið í frjálsum íþróttum var háð á Akureyri 17. júní 1909.

Hér á Vestfjörðum munu sennilega hafa verið iðkaðar frjálsar íþróttir eitthvað lítilsháttar á þessum árum. Þann 1. júlí 1905 var háð hér á Ísafirði keppni í sundi, hlaupum, hjólreiðum, knattspyrnu og glímu. Árið eftir, 5. ágúst, var einnig háð keppni hér í sömu greinum. Það ár komu hingað 40 dansk- ir þingmenn. En aftur á móti voru engar



K.

íþróttir sýndar hér konungskomuárið, 1907. Árið 1910, þann 6. ágúst fór fram keppni í 100 metra hlaupi, og sigraði þar Geir Jón Jónsson. Hljóp hann vegalengdina á 12,5 sek. 1000 mtr. hljóp Sigurður Kristjánsson á 3 mín. og 9 sek. Þá fór einnig fram knattspyrnukeppni, og vann sveit Guðmundar Björnssonar, kaupmanns hér, og fékk 25 kr. verðlaun. Hinni sveitinni stjórnaði Stefán Sch. Thorsteinsson.

Árið 1911 var háð héraðsmót í Önundarfirði. Var þar m. a. keppt í 100 mtr. hlaupi, og voru þar hlutskarpastir:

Daniel Benediktss. (Önundarf.)	12,4 sek.
Páll Kristjánsson (Ísafirði)	13,0 sek.
Július Rósinkranz (Önundarf.)	13,5 sek.

Sama ár, 17. ágúst, var hér á Ísafirði háð keppni í þessum íþróttum:

100 mtr. hlaupi:

Arngrímur Fr. Bjarnason	12,0 sek.
Einar O. Kristjánsson	12,5 sek.

400 mtr. hlaupi:

Geir Jón Jónsson	1 mín. 0 sek.
Alfons Gíslason	1 mín. 2 sek.

1000 mtr. hlaupi:

Alfons Gíslason	3 mín. 3 sek.
Hjörtur Ólafsson	3 mín. 10 sek.

Til ársins 1917 má segja, að tæpast hafi verið keppt í öðrum íþróttum hér vestanlands en glímu, og voru glímuæfingar nálega einustu íþróttæfingarnar, sem hér voru iðkaðar. Með stofnun U. M. F. Árvakur (1917) fór fyrst verulega að vakna áhugi fyrir hlaupum, köstum og stökkum. Þó að starfsemi félagsins byggðist mestmegnis á fimleikum, reyndi félagið eftir megni að vekja áhuga fyrir frjálsum íþróttum. Árvakur gekkst t. d. fyrir því, að hér var háð fyrsta héraðsmótið fyrir Vestfirði. Hér á Ísafirði voru háð tvö slík mót, sem fóru fram með miklum og fjölbreyttum íþróttakappleikjum. Voru mót þessi í alla staði til fyrirmyndar og fóru fram með miklum myndarbrag. Þetta var árin 1922 og 1923. Komu keppendur frá flestum ungmennafélögum á Vestfjörðum. Úrslit á mótinu 1922 voru sem hér segir:

Spjótkest:

Marinó Jónsson (Ísafirði)	32,23 mtr.
Guðni A. Guðnason (Súgandaf.)	31,99 mtr.

Langstökk:

Július Rósinkranz (Önundarfirði)	4,66 mtr.
Magnús Guðmundsson (Hnífsdal)	4,52 mtr.

Talið frá vinstri:

Þórólfur Egilsson,

Guðmundur Hermannss.,

Niels Guðmundsson.



Stangarstökk:

Georg Hólmborgsson (Ísafirði)	2,46 mtr.
Sveinbjörn Halldórsson (Ísafirði)	2,32 mtr.

100 mtr. hlaup:

Magnús Guðmundss. (Hnífsd.), tíma vantar.
Július Rósinkranz (Önundarf.) tíma vantar.

800 mtr. hlaup:

Magnús Guðmundss. (Hnífsd.)	1 mín. 17 sek.
Július Rósinkranz (Önundarf.)	1 mín. 19 sek.

1000 mtr. hlaup:

Jón Leós (Ísafirði)	3 mín. 13½ sek.
Hálf dán Sveinsson (Önf.)	3 mín. 13¾ sek.

5000 mtr. hlaup:

Jón Leós (Ísafirði)	21 mín. 1/5 sek.
Jón G. Mariasson (Ísafirði)	21 mín. 3/5 sek.

Því miður lögðust þessi merku mót niður, vegna ónógrar þátttöku, og má segja, að frjálsar íþróttir hafi legið alveg niðri hér á Ísafirði, þar til árið 1937 að Knattspyrnufélagið Hörður hófst aftur handa og hélt námskeið í frjálsum íþróttum. Lauk námskeiði því með keppni 17. júní það ár. Kennari á námskeiðinu var Tryggvi Þorsteinsson. Strax á þessu ári keypti Hörður öll þau áhöld, sem með þurfti, og annaðist lagfæringar á vellinum, til þess að koma þessum íþróttum þar að. Námskeið hélt félagið líka í þessum íþróttum árin 1938 og 1939, og hefir jafnan síðan haft kennara á sumrin, til þess að annast þjálfun í þessum íþróttum. Hörður beitti sér einnig fyrir því, að hér voru haldin almenn mót fyrir þessar íþróttir. Mót þessi hafa yfirleitt farið vel fram, og þátttakan eykst ár frá ári.

Ég hygg, að einmitt sé mjög hentugt fyrir

Karl

Sv
vilji

„L

Bjar

kauf

ung

fran

E

fyr

en

mu

eitt

en

feb

ka

Ma

by

un

á

Gu

og

ur

lei

m

hé

ha

sk

ka

á

M

fi

Fimleikar

Svofelld smágrein stendur í blaðinu „Þjóðviljinn ungi“ 6. des. 1899:

„Leikfimiskennsla: Stud. mag. Björn Bjarnason frá Viðfirði, sem dvelur hér í kaupstaðnum í vetur, er nýbyrjaður að kenna ungum mönnum leikfimi, og fara æfingar fram í bæjarþinghúsinu“.

Ekki er hægt að fullyrða, að þetta sé fyrsta tilraun með fimleikakennslu hér í bæ, en sennilega mun það þó vera. Eftir þetta munu fimleikar hafa verið stundaðir hér eitthvað, en ekki með verulegum krafti, fyr en U. M. F. Árvakur var stofnaður hér 25. febrúar 1917. Þá strax hafði félagið einn karlaflokk í fimleikum, og var kennari Magnús Guðmundsson. Um haustið var byrjað aftur, og nutu þá stúlkur einnig kennslunnar. Árið 1919 sýndu flokkarnir fimleika á afmælisfagnaði félagsins. Árið 1922 tekur Gunnar Andrew við kennslunni hjá félaginu, og kemur þá mikill vöxtur í þátttökuna. Veturinn 1923 stunda 70 piltar og stúlkur fimleika á vegum félagsins, og tveir flokkarnir meira að segja langt fram á sumar. Árvakur hélt uppi fimleikakennslu til ársins 1929. Og hafa margir Ísfirðingar notið þar hollrar skemmtunar og sótt þangað líkamlega hreysti.

Það mun hafa verið 1923, sem Gunnar kenndi nokkrum drengjum á aldrinum 14—15 ára, fimleika, án nokkurrar félagsihlutunar. Margir þeirra voru óvenjulega góð efni í fimleikamenn, enda var hugsað um sýningu næsta vetur. Var nú allt undir búíð, og bæj-



arfógeti beðinn um leyfi til fimleikasýningar, en þá kom babb í bátinn. Bæjarfógeti neitaði á þeim forsendum, að þetta væri ekkert félag. Fyrirbrigðið væri nafnlaust, stjórnlaust og lagalaust.

Nú var úr vöndu að ráða, en Gunnar Andrew kunni ráð við því. Flokkurinn var skirður, án nokkurrar viðhafnar, því tími var ekki til sliks, enda nafnið valið í skyndi og eftir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi voru. Og hlaut hann nafnið X-flokkurinn, Nú gekk allt vel. Leyfið fékkst, og um lög eða stjórn var ekki spurt frekar.

Upp úr X-flokknum var íþróttafélagið Magni stofnað 8. nóv. 1925. Þáttur Magna í íþróttasögu bæjarins er mjög mikill, enda starfaði félagið með miklum dugnaði. Ég vil í fáum atriðum geta þess helzta úr sögu Magna. Fyrsta árið hélt félagið uppi tveim drengja-flokkum. Veturinn 1927—28 voru flokkarnir orðnir sjö. Og munu þá hafa stundað fimleika á vegum félagsins um 120 piltar og stúlkur. Öll starfsár Magna sýndu flokkar félagsins fimleika hér í bænum og víða um Vestfirði. Árið 1929 fór karlaflokkur frá félaginu um Norðurland í sýningarför. Sýndi hann víða, við ágætar undirtektir. Í maí 1933 fóru á fyrsta fimleikamót Íslands í Reykjavík þrír flokkar, 12 telpur úr Barnaskóla Ísafjarðar, 12 piltar úr Gagnfræðaskólanum og 12 úrvalsmenn úr Magna. Gátu þessir ísfirzku íþróttamenn og foringi þeirra, Gunnar Andrew, sér hinn glæsilegasta orðstír á mótinu. Eftir þetta fer að verða dauft yfir störfum félagsins, og má telja, að þá hafi félagið

okkur Vestfirðinga að leggja stund á frjálsar íþróttir, vegna þess að þeir, sem búa í þorpum og sveitum, eiga hægra með að æfa þær en t. d. flokkakeppni, vegna manneklu og vallarskilyrða. Því er rétt að leggja allmikla áherzlu á að útbreiða þær og hjálpa smáfélögum eftir megni um að útvega þeim kennara og áhöld. Hörður hefir unnið þarft verk með því að hrinda máli þessu í framkvæmd, og má hann eiga það, að hann hefir vakið frjálsar íþróttir upp af 15 ára dvala.

Harðverjar! Við skulum muna það, og halda áfram, þar til fullur sigur er fenginn.

Sverrir Guðmundsson.



Fimleikaflokkar kvenna og karla 1943.

lognast útaf eftir vel unnið starf í þágu æskulýðs þessa bæjar. Innan vébanda Magna voru bæði skátafélögin stofnuð — Einherjar og Valkyrjur 1928. — Fyrsti formaður, og fimleikakennari félagsins alla tíð var Gunnar Andrew. Vann hann þar eins og raunar alltaf mikið og gott starf í þágu ísfirzkrar íþróttáæsku.

Eftir að Magni hættir störfum er stofnað nýtt félag 20. sept. 1935: Íþróttafélag Ísfirðinga. Með stofnun þessa félags eru sameinadar leifarnar af tveim félögum: Glimufélaginu Ísfirðingur og Magna. Færist nú aftur nokkurt fjör í fimleikana. Og fara þá nokkrir miðaldra menn að stunda þá sér til heilsu-bóta og ánægju. Þar var einnig kvenfólk á öllum aldri. — Kenndi nú hjá félaginu auk Gunnars Andrew, frú Sigríður Hjartar.

Íþróttafélag Ísfirðinga starfaði, þar til 1939, en hætti þá, vegna fjárhagsörðugleika. Fram til þessa átti Hörður meðlimi sína innan vébanda fimleikafélaganna, og stunduðu Harðverjar fimleika hjá þeim. En 1940 er svo komið, að ekkert félag heldur uppi fimleikakennslu. Tók þá Hörður sér fyrir hendur að halda fimleikunum við líði. Veturinn 1940—41

voru starfandi á vegum félagsins tveir karlaflokkar og tveir kvennaflokkar. Árið 1942 sameinuðust félögin Hörður og Vestri um karlaflokk, og er svo enn. Á s.l. vetri stunduðu fimleika aðeins tveir flokkar. Karlaflokkur 11 menn og kvennaflokkur 12 stúlkur. Ef borin er saman þátttaka manna í fimleikum 1928 og 1944, þá er ástandið iskyggilegt. Það er ekki uppörfandi að sjá þá afturför, að úr um 130 manna þátttöku skuli vera svo komið, að sextán árum síðar er þátttakan í fimleikum orðin einir tuttugu og þrír. Hvað veldur þessu, er það húsnæðið? Nei, það hefur ekki versnað, þó langt sé frá því, að það sé fullkomið. Sannleikurinn er sá, að ég held, að stór hópur ungra manna og kvenna hafi nú síðustu árin notað tómstundir sínar of mikið á kaffihúsum og dansleikjum við jassmúsik og vindlingareyk.

Ísfirzk æska, látum okkur skiljast, að rétt iðkaðar íþróttir þroska bæði sál og líkama, lengja líf manna og auka þrek þeirra og áráði að miklum mun. Látum ekki í framtíðinni sjást í okkar bæ, menn, sem ellin hefir sigráð á miðjum aldri.

Karl Bjarnason.

Fórnenn félagsins í 25 ár:



Þórhallur Leósson
1919—1922




Garðar Ólafsson
1923



Helgi Þorbergsson
1924—1925



Helgi Guðmundsson
1926—1935



Sverrir Guðmundsson
1936—1942



Karl Bjarnason
1943—

Ísfirðingar!

Eflið ísfirzkan iðnað.

Hektors-vörur eru nú þekktar að gæð-
um um allt land.

Sportmenn!

Kaupið Hektors-húfur.

Verksmiðjan Hektor

Ísafirði

Verzlun Matthíasar Sveinssonar

Ísafirði

Fyrir dómur:

Silkisokkar,
Bómullarsokkar,
Undirföt,
Treflar,
Skyrtubolir,
Sloppar,
Hanzkar.

Fyrir herra:

Manchettskyrtur,
Bindi,
Sokkar í góðu úrvali.
Nærföt,
Hanzkar o. fl.

BÓKHLAÐAN Á ÍSAFIRÐI

er venjulega birg af bókum, ritföng-
um og pappírsvörum.

Hringið í síma einn-tveir-þrír
og það mun verða reynt að fullnægja
þörfum yðar hvað þetta snertir

PRENTSTOFAN ÍSRÚN H. F.

tekur til prentunar bækur, blöð og
venjulegar smáprentanir.

Nánari upplýsingar hjá verkstjóranum
Magnúsi Ólafssyni — sími 223
eða hjá undirrituðum — sími 123.

Jónas Tómasson

**Kaupfélag
Ísfirðinga**

VÉLSMIÐJAN ÞÓR H. F.

— Ísafjörður —

Sími 41

Símnefni: Vélar

Eldsmiðja,
Rennismiði,
Plötusmiði,
Málmsteypa,
Rafsuða,
Logsuða.

Sérgrein: Mótórvélaviðgerðir.

ÍSAFJARÐARHÖFN

er með beztu og tryggustu höfnum
landsins.

Þangað leita skipin til þess að fá
vatn, vistir, viðgerðir, læknishjálp og
aðrar nauðsynjar.

Ágætt sjúkrahús er á staðnum.

FRÁ HAPDRÆTTINU

Gleymið ekki að endurnýja
áður en þér farið úr bænum.

BÍÓGESTIR

Munið að pantaðir aðgöngu-
miðar verða að sækjast 15 mín.
áður en sýning hefst.

Bíó Alþýðuhússins

SAMVINNUFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Ísafirði

— Stofnað 1927 —

Innflutningur á allskonar veiðarfær-
um.

Útflutningur á allskonar fiski, þorska-
lýsi og síldarafurðum.

K.s

H. f. Huginn, Ísafirði
Útgerðarfélag

Framkvæmdastjóri:
Björgvin Bjarnason

Netagerðarverkstaðið

á

Grænagarði

Eigandi: Pjetur Njarðvík

Tryggið búslóð yðar hjá Brunabótafélagi Íslands. Þar fáid þið best kjör.

Talið sem

fyrst við

umboðs-

mann

félagsins

á Ísafirði.

Frestaðu ekki til morguns því sem þarf
að gjöra í dag



Varstu búinn að va-
tryggja lausate þitt?

Eg ætlaði að gjöra það á morgun

Margur verður einum degi of seinni

Ver geturn vaþryggaf
lausate yðar með best-
um laanlegum kjörum

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS
REYKJAVÍK

Einar O. Kristjánsson

Sími 156

Ísafirði

1919

BÖKUNARFÉLAG ÍSFIRÐINGA

allskonar brauðvörur.

Rafmagnsofn,
rafknúnar vélar.

Græddur er
geymdur eyrir.

Ávaxtið sparifé

yðar hjá oss.

Landsbanki Íslands

Útibúið á Ísafirði

STJÖRNUSMJÖRLÍKI

er gæðavara,
sem talar sínu eigin máli og mælir
því bezt með sér sjálft.

H. f. Smjörlikisgerð Ísafjarðar

Öll fasteignagjöld til bæjarsjóðs
Ísafjarðar fyrir árið 1944 féllu í
gjaldlega 1. apríl s. l.

Gjaldendur:

Gjörð svo vel að greiða útsvör
yðar og önnur bæjargjöld til bæj-
argjaldkerans.

Skrifstofa bæjarstjóra

Þær þykja góðar

Ísfirzku fiskbollurnar.

Fást í öllum verzlunum
bæjarins í 1/1 og 1/2 ds.

Niðursuðuverksmiðjan h. f.
Ísafirði

Munið að hafa með ykkur í Reykja-
nesið:

Vatnsfælin bómull,
Sólarolíu,
Sólarcreame,
Sólargleraugu,
Skyndiplástur,
o. m. fl.

APÓTEKIÐ

Þessar bækur þurfa allir að eignast:

Um ókunna stigu.

-Fjallið og draumurinn (Ól. J. Sig.)

Þyrnar (Þorst. Erlingsson).

Landið er fagurt og frítt (Árni Óla).

Allt er fertugum fært.

Liljur vallarins.

Undir gunnfána lífsins.

Bókabúð Matth. Bjarnasonar

Sími 39

Ísafirði

Box 127

VÉLAEIGENDUR!

Enn sem fyrr er Gargoyle smurnins-
olía, frá Socony Vacuum oil Company
inc. New-York, sú bezta, enda notuð af
miklum hluta þeirra, sem með vélar
fara.

Umboðsmaður á Ísafirði:

Tryggvi Jóakimsson.

H. BENEDIKTSSON & CO.

Sími 1228, Reykjavík.

Verzlun
Björns Guðmundssonar
Ísafirði

selur:

Matvörur,
Hreinlætisvörur,
Búsáhöld,
Sláturafurðir,
Kjöt,
Allskonar áskurður.

Sími 32.

Allt sent heim.

Skófatnaður úr leðri, gúmmi og
striga jafnan fyrirleggjandi.

**Nýkomið fjölbreytt úrval af kven-
og karlmannaskóm.**

Verzlun
Leós Eyjólfssonar
Ísafirði

Hin rétta fæða fyrir ungbörnin er:

Gerber's barnamél.

Verzl. Björninn
Ísafirði

M. Bernharðsson, skipasmíðastöð h.f.
Ísafirði

Smíðar stærri og smærri tréskip.
Framkvæmir allar viðgerðir á skip-
um og bátum.

Selur og útvegar: Eik og annað efni
til skipasmíða.

Símar 128 og 139

H.F. BJÖRGVIN, ÍSAFIRÐI

ÚTGERÐARFÉLAG

FRAMKVÆMDASTJÓRI:

BJÖRGVIN BJARNASON

Unglingarykfrakkar,

Barnaföt,

Divanteppi,

Dömukápur,

Borðdúkar, mislitir.

Vinnuskyrtur,

Samfestingar, ýmsar stærðir,

Rúmteppi,

Axlabönd,

o. m. fl.

Verzl. Páls Jónssonar

Sími 48 -- Ísafirði

Philips ljósaperur, 220 volta,
25, 40 og 60 watt.

Bátaperur, 12 volta.

Lampar, ýmsar gerðir.

Ýmsar rafmagnsvörur mjög fjöl-
breyttar eru væntanlegar, er fram
á sumarið líður.

JÓN ALBERTS

Sundstræti 33

Sími 131 — Símnafni: Alberts

SKIFTIÐ VIÐ

ÚTVEGSBANKA ÍSLANDS H. F.

ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

Verzl. J. S. Edwald,

Ísafirði,

hefir flest fánlegt
til skipaútgæðar.

H. F. NJÖRÐUR

— útgæðarfélag —

Austurvegi 2 — Ísafirði

Félagið á nú sex 15. smál. vélbáta,
sem það gerir út frá Ísafirði.

Útgæðin eflir hag lands og þjóðar

NORSKABAKARÍÐ

Annað elzta brauðgerðarhús á Vestfjörðum
— Stofnsett 1884 —

— Sími 51 — Silfurgötu 5 — Sími 51 —

Allar venjulegar brauðtegundir.

Kökur í fjölbreyttu úrvali.

Sælgætisvörur margskonar.

Öl, gosdrykkir o. m. fl.

— Rafmagnsofn. —

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ HÖRÐUR

iðkar:

Knattspyrnu,

Handknattleik,

Frjálsar íþróttir,

Fimleika,

Glímu.

GANGIÐ Í HÖRÐ

PRENTSTOFAN ÍSRÚN H. F.